

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir <b>Grímur Grímsson löggreglufulltrúi</b>	Mál nr. <b>006-2002-0086</b>	<b>V/1.19</b>
Staður og stund: <b>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, mánudaginn 30. maí 2005, kl. 09:32</b>		
Sakarefni: <b>Brot gegn lögum um bókhald, ársreikninga og 158. gr. og 262. gr. alm, hgl. 19/1940.</b>	Kennitala: <b>140755-2739</b>	Vinnusími:
Sakborningur/grunaður: <b>Tryggvi Jónsson</b>	Starf/stáða: <b>Fyrrv. forstjóri Baugs hf.</b>	Simi: <b>567 6363/691 8888</b>
Löghemili: <b>Vesturhús 22, Reykjavík</b>	Dvalarstaður:	Simi:

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrlu hjá löggreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun. Tryggvi er fyrrverandi forstjóri og aðstoðarforstjóri Baugs hf.

Tryggva er kynnt tilefni yfirheyrlunnar sem varðar meint brot hans gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og almennum hegningarlögum með því að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs þegar eigin hlutabréf í félaginu að nafnverði kr. 40.000.000,00 voru færð til vörlu hjá Kaupthing Bank Luxembourg og notuð þar til uppfyllingar kaupréttarákvæðum starfssamninga æðstu stjórnenda Baugs hf.

Tryggva er kynnt að honum sé óskylt að svara spurningum um það sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra máls nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að kjósi hann að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Tryggva er kynntur réttur hans, á öllum stigum máls, til að ráða, á sinn kostnað, lögmann til að gæta réttar hans og halda uppi vörnum sem talsmaður, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1991. Jafnframt er Tryggva kynntur réttur hans, sbr. 1. mgr. 35. gr. sömu laga þess efnis að hann geti óskað eftir því að fá skipaðan, af dómarar, verjanda vegna rannsóknar málsins.

Tryggvi kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrlunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Andri Árnason hrl. er skipaður verjandi Tryggva og er hann viðstaddir yfirheyrluna.

Viðstödd yfirheyrluna og þáttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir löggreglufulltrúi.

Tryggva er kynntur stofnsamningur vörlureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg (Account opening form – skjal málsins nr. II/36.3.1) dags. 14. október 1998, undirritað af Tryggva Jónssyni fyrir hönd Baugs. Tryggvi er beðinn um að staðfesta undirritun sína á skjalinu.

Tryggvi kveðst staðfesta undirritun sína.

Tryggvi er spurður hver tilgangur stofnunar vörlureikningsins í Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið.

Tryggvi segir að um sé að ræða hefðbundinn vörlureikning og hafi upphafsfærslan verið lánveiting en Baugur hafi tekið lán hjá Kaupthing Bank Luxembourg. Tryggvi segir engan tilgang annan hafa verið fyrir stofnuninni en að félagið ætti þarna vörlureikning.

06667

Tryggvi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um stofnun vörlureikningsins í Luxembourg.

Tryggvi segir að tekin hafi verið sameiginleg ákvörðun um stofnun vörlureikningsins af honum ásamt forstjóra og stjórnarformanni Baugs hf. Tryggvi segir að hann vilji ekki fullyrða hvort hann hafi haft heimild til stofnunar vörlureiknings án samráðs við forstjóra og stjórnarformann félagsins en Tryggvi segir að slíkt hefði hann ekki gert.

Tryggvi er spurður hverjir hjá Baugi hafi haft vitneskju um vörlureikninginn.

Tryggvi segir að við stofnun hana hafi sennilega ekki aðrir, innan Baugs, vitað af reikningnum en hann, Óskar Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson.

Tryggvi er spurður um ástæðu þess að aðrir starfsmenn Baugs hafi ekki vitað um vörlureikninginn í Luxembourg.

Tryggvi segir að reikningurinn hafi verið í höndum þeirra þriggja og starfsmenn hafi verið fáir og þetta hafi ekki komið til tals.

Tryggvi er spurður hvenær starfsmenn Baugs og stjórn félagsins hafi fengið vitneskju um vörlureikninginn.

Tryggvi kveðst ekki geta tímasett það.

Tryggvi er spurður hverjir hafi haft heimild til að gefa fyrirmæli um ráðstöfun fjármuna af vörlureikningnum.

Tryggvi segir að hann sjálfur, Óskar og Jón Ásgeir hafi haft slíka heimild en hann kveðst ekki geta fullyrt um hvort aðrir hafi haft slíka heimild einnig.

Tryggvi er spurður hvort stofnendur Baugs hf. hafi gefið honum fyrirmæli um eða haft um það vitneskju að þau 4% hlutafjár í féluginu, sem skv. samstarfssamningnum ætluð voru til uppfyllingar kaupréttarákvæða skv. starfssamningum stjórnenda félagsins, skyldu færð til vörlu í banka erlendis.

Tryggvi segir að hann minnist þess ekki að hafa fengið fyrirmæli frá stofnendum Baugs um stofnun vörlureiknings í Luxembourg. Tryggvi segir að hann hafi ekki tekið þátt í umræðum um þessi 4% og viti því ekki hvort stofnendurnir hafi haft vitneskju um vörlureikninginn. Tryggvi segir að honum finnist líklegt að stofnendurnir hafi haft vitneskju um vörlureikninginn þar sem Kaupthing hafi verið einn stofnenda og reikningurinn hafi verið hjá Kaupthing í Luxembourg, Íslandsbanki hafi einnig verið einn stofnenda og bréfin hafi verið keypt af Íslandsbanka og síðan hafi Gaumur verið einn stofnenda og þar hafi Jón Ásgeir verið í fyrirsvari.

Tryggva er kynnt að svo virðist sem endurskoðendum félagsins, stjórn og starfsmönnum félagsins hafi ekki verið kunnugt um tilvist vörlureikningsins í Kaupthing Bank Luxembourg fyrr en á haustmánuðum 2002. Tryggvi er beðinn um að skýra ástæðu þessa.

Tryggvi segir að hann hafi enga sérstaka skýringu á því.

Tryggvi er spurður hvort tekin hafi verið ákvörðun um það á meðal hans, Óskars og Jóns Ásgeirs að halda reikningnum leyndum fyrir endurskoðendum, stjórn og starfsmönnum Baugs.

Tryggvi segir að engin slík ákvörðun hafi verið tekin.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir því hvaða reglur gilda um meðferð eigin hlutabréfa í reikningsskilum hlutafélaga á Íslandi.

Tryggvi segir að um slíkt sé fjallað í lögum og efnislega segi að eigin hluti skuli færa til lækkunar á eigin fé en undantekning sé til vegna þessa.

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir hvort munur sé á því varðandi meðferð eigin hlutabréfa eða annarra peningalegra eigna hvernig fara eigi með slíkar eignir í bókhaldi og ársreikningum íslenskra félaga, hvort heldur þessar eignir eru geymdar á vörlureikningum erlendis eða á Íslandi.

Tryggvi segir að vörlureikningar hafi ekki verið til á Íslandi á þessum tíma en síðar hafi opnast heimildir fyrir slíka reikninga hér á landi. Tryggvi segir að þegar hlutabréf séu færð á vörlureikninga sé viðkomandi banki skráður eigandi í hlutaskrá félagsins en eigandi vörlureikningsins sé svokallaður „beneficiary owner“ hlutabréfanna.

Tryggvi er spurður hvort það sé hans skilningur að þegar hlutabréf séu færð á vörlureikninga þá gildi ekki lengur ákvæði íslenskra laga um meðferð eigin hlutabréfa í bókum félags.

Tryggvi segir að hann telji þá meðferð á eigin hlutum á vörlureikningi að færa bréfin á nafn bankans vera í samræmi við íslensk lög. Tryggvi segir að Baugur hafi keypt 5% eigin hluti af FBA á árinu 1999 og hafi 1% verið fært til lækkunar eigin fjár félagsins en 4% verið færð á vörlureikning hjá Kaupthing í Luxembourg. Tryggvi segir að ráðstöfun 4% hafi verið ákveðin í starfssamningum æðstu stjórnenda félagsins.

Tryggvi er spurður hvort skylda félagsins þess efnis að geta eigin hlutabréfa í árshluta- og ársreikningi falli niður ef hlutabréfin eru vörluð erlendis.

Tryggvi segir að hlutabréfin hafi verið sold inn á vörlureikninginn og við það hafi myndist krafa á hendur Kaupbing. Kaupping hafi haft veð í bréfunum og heimild til að selja þau en þurft að standa skil á andvirðinu. Tryggvi segir að þetta hafi alla tíð verið hans skilningur á meðferð vörlureikninga. Tryggvi segir að þess beri að geta að á þessum tíma hafi vörlureikningar verið nýjir að nálinni og lítil reynsla komin á hvernig slíka reikninga skyldi meðhöndla í bókhaldi félaga og kveðst Tryggvi telja að meðferð Baugs hafi verið rétt.

Tryggvi er spurður hvort árshluta- og ársreikningar Baugs hafi verið réttir hvað varðar meðferð eigin hlutabréfa fyrir tímabilið 2000-28.2.2002.

Tryggvi segir að hann telji svo vera.

Fyrir Tryggva er lögð útboðs- og skráningarlýsing Baugs frá apríl 1999 en þar kemur fram að eigin hlutabréf Baugs séu að nafnvirði 10 milljónir króna og eign Kaupthing Bank Luxembourg sé að nafnvirði 40 milljónir króna.

Tryggvi er spurður hvort að sú eign Kaupthing, Luxembourg S.A. sem tilgreind er í útboðslýsingunni sem 4% skv. hluthafaskrá þann 31. mars 1999, séu þau sömu 4% og færð voru til vörlu á vörlureikning Baugs í Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggvi segir að hann vænti þess að um sömu 4% sé að ræða.

Fyrir Tryggva er nú lögð tilkynning til hlutaskrár Baugs hf. dags. 31. mars. 1999 undirrituð af honum en þar kemur fram að Baugur hafi þann sama dag selt Kaupthing Luxembourg S.A. hlutabréf í Baugi að nafnverði 40.000.000.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvers vegna tilkynningin sé dagsett 31. mars 1999 þó að viðskiptin séu bókuð í bókhaldi Baugs þann 30. júní 1999.

Tryggvi segir að hann telji um að ræða drátt á færslu og kveðst Tryggi enga skýringu á þeim drætti. Tryggvi kveðst vilja benda á að skjal það sem fyrir hann er lagt sé fax með dagsetningunni 26. apríl 1999.

Tryggvi er spurður hvers vegna Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið skráður eigandi 4% hlutafjár í Baugi, sbr. hlutaskrá Baugs ef einungis var um að ræða vörslu bankans á eigin hlutabréfum Baugs.

Tryggvi segir að þannig séu reglur um vörlureikninga.

Aðspurðum um hvað reglur hann sé að vísa til segir Tryggvi að hann sé að vísa til þess að honum hafi alltaf verið sagt að vörlureikninga bæri að meðhöndla eins og gert var í bókum Baugs varðandi vörlureikninginn í Luxembourg, þ.e. færa þá á nafn vörluaðilans en það sé aðeins hægt með því að færa þetta sem sölu.

**Vörlureikningur hjá Kaupthing Bank Luxembourg.**

Tryggva er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

**Færsla nr. 9281 dags. 30.06.1999 með texta: „Hlutabréf í Baugi sold Kaupþingi“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	330.764.000,00	
F 73112	Biðreikningur		330.764.000,00

Um er að ræða færslu til eignar á viðskiptareikningi Kaupþings hf. sem byggir á fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.2.1) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en þar segir um færsluna: „Kaup á eigin bréfum.(gamall samningur)“, „Baugur kaupir 5% í Baugi og fær lán hjá FBA“, „413.455.006.- Biðreikningur“, „Selur Kaupþingi 4/5 hlut 330.764.000 út af biðreikn. D/viðskm. Kþ“.

Fyrir Tryggva er lagt fylgiskjal nr. II/45.2.2.1 og hann spurður hver hafi útbúið skjalið.

Tryggvi kveðst ekki þekkja skriftina á fylgiskjalinu og geti því ekki sagt hver hafi útbúið það.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi segir að á skjalinu komi allar upplýsingar fram varðandi viðskiptin en væntanlega hafi seljandi bréfanna útbúið eithvað fylgiskjal sem Tryggvi segir að vanti. Tryggvi kveðst ekki vita hvers vegna það skjal sé ekki meðfylgjandi.

Tryggvi er beðinn um að skýra það sem fram kemur á fylgiskjalinu.

Tryggvi segir að hann vísi í það sem áður er fram komið að Baugur kaupi 5% í Baugi og selji síðan áfram til Kaupthing í Luxembourg 4% til að mæta kaupréttarákvæðum starfssamninga stjórnenda.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð innri endurskoðunar Baugs þann 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. nóvember 2002. (skjal málsins nr. II/15.7). Í greinargerðinni kemur fram: „Um miðjan júní 1999 voru sold hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á gengingu 6,24 út af fjárvörlureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg.“

Tryggva er einnig kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „... lögðu eigendur félagsins af hlutafé sínu 4% alls hlutafjár inn á reikning hjá Kaupthing Luxembourg, sbr. vörlusamning frá 14. október 1998.“

Þá er Tryggva kynntur framburður Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg sem hann gaf við skýrslutöku hjá löggreglu dags. 15 apríl 2005 (skjal málsins IV/48.6). Magnús sagði í framburði sínum þegar hann var beðinn um að lýsa viðskiptum á milli Kaupthing Bank og Baugs á fyrri hluta árs 1999 með 4% hlutafjár í Baugi að nafnverði 40.000.000,00: „Magnús segir að upphaflegi tilgangurinn hafi verið að KL myndi vera vörluaðili hlutabréfanna sem nota átti til að uppfylla kaupréttarákvæði lykilstarfsmanna Baugs. Hlutverk KL í þessum viðskiptum hafi verið það að taka að sér vörlu bréfanna.“

Tryggva er kynnt að samkvæmt ofangreindum greinargerðum svo og framburði Magnúsar Guðmundssonar hafi ekki verið um ræða sölu Baugs á eigin hlutabréfum til Kaupbings dags. 30. júní 1999 eins og fram kemur í bókhaldi félagsins heldur hafi verið um að ræða færslu bréfanna inn á vörlureikning Baugs hjá Kaupthings Bank Luxembourg.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvers vegna varsla eigin hlutabréfa Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið færð sem sala hlutabréfanna frá Baugi til Kaupbings og færð krafa á viðskiptareikning Kaupbings hjá Baugi.

Tryggvi segir að hann sjái ekki hvernig eigi að vera hægt að gera þetta með öðrum hætti ef nafnbreyta eigi bréfunum.

Tryggva er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

**Færsla nr. S005114 dags. 07.07.1999 með texta: „Kaupþing“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing		165.382.000,00
B 77	SPRON	165.382.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málssins nr. II/45.2.3) sem er handskrifad bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af vörlureikningi Baugs í Luxembourg inn á tékkareikning Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080).

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við fylgiskjal nr. II/45.2.3 og hver hafi útbúið það. Fylgiskjalið er lagt fyrir Tryggva.

Tryggvi segir að honum sýnist sem um sé að ræða hans eigin skrift að stórum hluta. Tryggvi segir að fyrirmæli á skjalinu um bókhaldslykla hafi hann ekki skrifad.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi segir að skjalið sé ekki fullnægjandi. Tryggvi segir að skýringar á fylgiskjalinu séu fullnægjandi varðandi viðskipti að baki færslunni en SPRON hefði átt að senda innleggssnotu til Baugs vegna þessara fjármuna en það hafi ekki borist og því hafi færslan verið byggð á þessu fylgiskjali. Tryggvi segir að í raun sé Kaupthing í Luxembourg að greiða inn á kröfu skv. viðskiptareikningi og því hefði notað vegan innlegg hjá SPRON verið nægjanlegt fylgiskjal.

Tryggvi er beðinn um að skýra fyrirmælin sem fram koma á fylgiskjalinu.

Tryggvi segir að líklegt sé að hann hafi verið spurður, af starfsmanni Baugs, um hvaða greiðsla þetta væri á bankareikningnum og hafi hann sagt að um væri að ræða greiðslu á hluta af kröfu á hendur Kaupthing og hafi þá sá sem sá um færslu í bókhaldi skrifad inn á skjalið hvaða reikninga skyldi færa greiðsluna á.

Tryggvi er spurður hvers vegna þessi fjárhæð sé skráð sem greiðsla frá Kaupþingi á hluta af kröfu bankans hjá Baugi skv. viðskiptareikningi.

Tryggvi segir að slíkt sé eðlilegt miðað við upphafsfærsluna, þ.e. færð hafi verið krafa á Kaupthing og verið sé að greiða hluta kröfunnar.

Gert er stutt hlé á yfirheyrslunni kl. 11:00  
Yfirheyrslu er framhaldið kl. 11:06

Tryggva er kynnt að Magnús Guðmundsson hafi við yfirheyrslu hjá löggreglu dags. 16. apríl 2005 (skjal málssins nr. IV/48.7) sagt þegar hann var spurður um greiðslu að fjárhæð kr. 165.382.000 frá Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs dags. 7. júlí 1999 að um sé að ræða greiðslu af vörlureikningi Baugs í Luxembourg til Baugs hf. á Íslandi sem myndað hafi yfirdrátt á vörlureikningnum.

(sbr. skjal málssins nr. II/44.4.1.6)

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Tryggvi segir að sjálfsagt sé Magnús að lýsa því hvernig færslum hafi verið háttáð hjá Kaupthing í Luxembourg. Tryggvi segir að það megi ætla að yfirdráttur sá sem Magnús vísi til sé vegna mismunar á söluverði hlutabréfa og kr. 165.382.000.

Tryggvi er beðinn um að skyra hvers vegna millifærsla á milli eigin reikninga Baugs sé skráð í bókhaldi félagsins eins og Kaupthing Bank Luxembourg sé að greiða hluta kröfu Baugs samkvæmt viðskiptareikningi bankans hjá Baugi.

Tryggvi segir að eins og áður hafi komið fram hafi hlutabréfin verið sold inn á vörlureikninginn og því hafi ekki verð hægt að fara með þetta með öðrum hætti en hér er gert.

Tryggva er kynnt að í greinargerð innri endurskoðunar Baugs dags. 14. janúar 2003 (skjal málssins nr. II/15.11.2) komi fram: „Um miðjan júní 1999 voru sold hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörlureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg. (Sjá confirmation 23<sup>rd</sup> July 1999). Samkvæmt forstjóra félagsins var hér um að ræða nýtingu hluta kaupréttu til handa æðstu stjórnendum, þeim Óskari Magnússyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni. Keypti Óskar hlutabréf að nafnverði kr. 10.000 þús. en þeir Jón Ásgeir og Tryggvi kr. 5.000 þús. hvor.“

Tryggva er einnig kynnt að í greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málssins nr. II/43.11.1) komi fram: „Seldir voru samtals 20 milljón hlutir á markaðsgengi, sem var um 10,0. Mismunur markaðsverð og kaupréttar var 75,2 milljónir króna þar sem kaupréttargengið var 6,24 skv. ákvæðum starfssamninganna [...]. Þessi fjárhæð skiptist bannig milli þeirra: Óskar nýtti sér kauprétt vegna 10 milljóna hluta, Jón Ásgeir vegna 5 milljóna hluta og Tryggvi vegna 5 milljóna hluta. Voru þessar greiðslur lagðar inn á reikninga þeirra hjá bankanum.“

Tryggva eru kynnt eftirtalin gögn sem voru halldögð við húsleit löggregluyfirvalda í Luxembourg hjá Kaupthing Bank Luxembourg sem fram fór í apríl 2004:

Staðfesting Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs hf. dags. 23.7. 1999 um sölu hlutabréfa í Baugi hf. að nafnverði kr. 20.000.000 á genginu 6,24, kaupdagur 15.6. 1999 ásamt söluskipun,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Terra á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörlureikningi Terra Worldwide nr. 00. 400 035 sem sýnir kaup Terra Worldwide á

ofangreindum bréfum fyrir kr. 62.400.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 100.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörlureikningi Tryggva Jónssonar nr. 00. 100 223 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Jón Ásgeirs Jóhannessonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörlureikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 00. 100 127 sem sýnir kaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Bankafærslur hjá Kaupthing Bank Luxembourg, dags. 15.6. 1999 sem sýna sölu Baugs hf. á eigin bréfum að nafnvirði kr. 20.000.000 og kaup Óskars Magnússonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á sömu bréfum.

(skjöl málsins II/44.4.1, II/44.4.1.1, II/44.4.1.2, II/44.4.1.3, II/44.4.1.4)

Tryggvi er beðinn um að skýra ofangreind gögn úr Kaupthing Bank Luxembourg með hliðsjón af ofangreindum skýringum Auðbjargar og Hreins.

Tryggvi segir að honum sýnist sem þessi gögn frá Kaupthing Bank í Luxembourg séu í samræmi við skýringar Auðbjargar og Hreins.

Tryggvi er kynnt að af bankagögnunum megi sjá að hann sjálfur, Óskar Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi keypt hlutabréf í Baugi á genginu 6,24 og fengið þau hlutabréf af vörlureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Þeir hafi síðan selt sömu hlutabréf samdægurs á genginu 10,0.

Tryggvi er spurður hvort gögn þau sem fyrir hann hafa verið lögð og aflað var við húsleit löggregluyfirvalda í Luxembourg hjá KL sýni að hann, Óskar Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi verið að nýta kauprétt í hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Tryggvi segir að hann geti staðfest að kaup hans á kr. 5.000.000 að nafnverði hafi verið vegna ákvæða í starfssamningi hans við Baug. Tryggvi kveðst ekki hafa séð starfssamninga Jóns Ásgeirs og Óskars fyrr en við yfirheyrlu hjá skattrannsóknarstjóra árið 2004 og geti því ekki tjáð sig um þeirra nýtingu á kauprétti.

Tryggvi er spurður hver hafi haldið utan um starfssamninga æðstu stjórnenda hjá Baugi.

Tryggvi segir að hann hafi haft sitt eintak af starfssamningi og annað hafi verið hjá stjórn félagsins. Tryggvi kveðst gera ráð fyrir að eins hafi verið í tilvikum Jóns Ásgeirs og Óskars. Tryggvi segir að í eina skiptið sem reynt hefði á kaupréttarákvæði starfssamnings hans hafi hann átt það við Óskar Magnússon stjórnarformann.

Tryggvi er spurður hvernig þessi viðskipti hafi verið skráð hjá Baugi hf.

Tryggvi segir að þau hafi ekki verið skráð sérstaklega hjá Baugi heldur hafi verið um að ræða greiðslu inn á kröfu Baugs á hendur Kaupþingi. Tryggvi segir að árið 1999 hafi meðferð

kaupréttu verið ný af nálinni og kveðst Tryggvi hafa talið að telja ætti söluhagnaðinn fram þegar hann væri tekinn til Íslands og kveðst Tryggvi hafa gert það. Tryggvi segir að miðað við það umhverfi sem var vegna þessara mála árið 1999 hafi ekki þurft að skrá þessi viðskipti hjá Baugi umfram það að stjórnarformanni félagsins var kunnugt um það enda hafi þeir ekki eignast bréfin heldur hafi þau verið sold beint en aldrei nafnskráð á kaupendurna.

Tryggvi er spurður hvernig því hafi verið komið til skila hjá Baugi að stjórnendurnir þrír væru búinir að nýta sér áumnin kauprétt sinn í júní 1999.

Tryggvi segir að Óskar Magnússon hafi verið stjórnarformaður og að ákvörðun um nýtingu kaupréttar á þessum tíma hafi komið annað hvort frá Óskari eða Jóni Ásgeiri.

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hafi verið kunnugt um að hann, Óskar Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi nýtt sér rétt sinn til kaupa á hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Tryggvi segir að honum sé ekki kunnugt um þetta og kveðst vísa þessari spurningu til Óskars.

Tryggva er kynnt að samkvæmt starfssamningum Óskars, Tryggva og Jóns Ásgeirs hafi þeir átt kauprétti að hlutabréfum í Baugi eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:

Heimild til nýtingar kaupréttar ->	Ár 1998 í þkr	Ár 1999 í þkr	Ár 2000 í þkr	Ár 2001 í þkr	Ár 2002 í þkr
Jón Ásgeir Jóhannesson	5.000	5.000	5.000		
Óskar Magnússon	5.000	5.000	5.000		
Tryggvi Jónsson	1.024	2.244	2.244	2.244	2.244

Tryggvi er spurður hvaða kaupréttir hafi verið orðnir virkir á þeim tíma sem hann, Óskar og Jón Ásgeir nýttu sér kauprétt 15. júní 1999. Starfssamningur Tryggva dags. 18. júní 1998 er lagður fyrir hann.

Tryggvi segir að ákvarðanir vegna nýtingu kaupréttta hafi legið hjá Óskari og Jóni Ásgeiri og kveðst Tryggvi ekki vitað hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar þeim kaupréttum sem voru nýttir.

Tryggvi er spurður í ljósi kaupréttarheimilda hans hvers vegna hann hafi keypt hlutabréf í Baugi að nafnverði 5.000.000 á kaupréttargengingu 6,24.

Tryggvi segir að um sé að ræða ákvörðun Óskars og Jóns Ásgeirs.

Tryggva er kynnt að svo virðist sem kaupréttarheimilda skv. starfssamningum stjórnendanna þriggja hafi ekki verið getið í ársreikningum Baugs hf. Tryggvi er beðinn um að skyra það.

Tryggvi segir að um slíkt hafi ekki verið ákvæði í lögum fyrr en síðar.

Tryggva er kynnt að Anna Þórðardóttir, endurskoðandi Baugs hafi verið spurð í skýrslutöku hjá RLS 25. maí 2005 hvers vegna kaupréttu skv. starfssamningum frá 1998 við æðstu stjórnendur félagsins hefði ekki verið getið í ársreikningum Baugs 2000 – 2001 (28.2.2002). “Anna segist ekki getað svarað því, hún ítrekar að hún hafi ekki vitað af tilvist þessara samninga fyrr en um áramótin 2002-2003. Anna segist vilja vísa beint í svar sitt við spurningu 7 í skýrslu hennar hjá SRS 6. apríl 2004. Það sem þar kemur fram standi enn í dag.”

Spurning nr. 7 hjá SRS í ofangreindri skýrslutöku hjá SRS og svar Önnu hljóðar svo:

„Fyrir mættu eru lagðir þrír starfssamningar, dagsettir 18. júní 1998, á milli annars vegar Kaupþings hf., Gaums hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags (síðar Baugur hf.) sem stofnað verður um rekstur Hagkaups hf. og Bónuss sf. og hins vegar Óskars Magnússonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Í samningunum kemur fram að Óskar Magnússon og Jón Ásgeir hafi rétt til að kaupa 1,5% hlutafé í félagini eins og það er þegar félagið verður skráð á Verðbréfapindi Íslands, á kr. 93.600.000 og að Tryggvi Jónsson hafi rétt til að kaupa 1,0% á kr. 62.400.000 á því tímabili sem til rannsóknar er. Einnig er lagður fyrir mættu starfslokasamningur dagsettur 1. september 1999 sem gerður var við Óskar Magnússon. Mætta er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um starfssamningana á því tímabili sem til rannsóknar er og jafnframt er mætta spurð hvort farið hafi verið yfir þá með endurskoðendum félagsins með tilliti til þess hvernig þeir yrðu færðir i bókhaldi Baugs Group hf.?“

Sv.: Mætta segist ekki hafa séð þessa samninga. Þeir hafi verið gerðir árið 1998 og 1999 og verði Stefán Hilmarsson að svara fyrir þau ár. Mætta segir að henni hafi hins vegar orðið kunnugt um áramótin 2002/2003, að viðkomandi starfsmenn Baugs hf. (síðar Baugs Group hf.) hafi verið að fá starfstengdar greiðslur í gegnum reikninga Baugs Group hf. hjá Kaupþing Luxembourg. Mætta segir að þegar þessir kaupréttarsamningar og greiðslur á grundvelli þeirra komu í ljós við skoðun á vörlureikningum Baugs Group hf. hjá Kaupþing Luxembourg, hafi Tryggvi Jónsson útbúið skjal yfir allar hreyfingarnar á bankareikningnum og hvernig ætti að færa þetta inn í bókhald Baugs Group hf., lið fyrir lið. Mætta hafi síðan tekið þetta skjal og látið útbúa sér bókhaldslykla og bóka allar færslurnar, þannig að allar hreyfingar á reikningnum sæjust. Mætta segir að sér hafi alltaf verið sagt, þegar hún hafi spurt Tryggva Jónsson um hvort til staðar væru kaupréttarsamningar við æðstu stjórnendur Baugs Group hf., að slíkir samningar væru ekki til staðar. Hafi Tryggvi þannig sagt mættu ósatt um þetta. Mætta segir jafnframt að stjórnendur Baugs Group hf., Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson, hafi skrifsað undir staðfestingarbréf um að allt væri fram komið varðandi reikningsskil félagsins. Eigi þau staðfestingarbréf að vera í vinnugögnum þeirra endurskoðenda félagsins, í aðalmöppunni.“

Tryggvi er spurður hvers vegna hann hafi haldið því leyndu fyrir endurskoðanda félagsins að til staðar væru kaupréttarsamningar við æðstu stjórnendur Baugs.

Tryggvi kveðst einnig vísa til svarts hans hjá skattrannsóknarstjóra varðandi þessa spurningu. Tryggvi segir að hann minnist þess ekki að Anna hafi spurt hann um þetta og hafi Anna spurt hann hafi hann sagt henni satt og rétt frá. Tryggvi kveðst vísa til útboðs- og skráningarlýsinga Baugs frá apríl 1999 en þar komi fram að Baugur eigi eigin hlutabréf m.a. til að mæta hlutabréfavilnunum stjórnenda. Tryggvi kveðst telja að á þessum tíma hafi ekki verið lögbundið að geta ætti starfskjara stjórnenda í ársreikningum hlutafélaga.

Færsla nr.S005128 dags. 08.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 73112	Biðreikningur	21.582.000,00	
B 77	SPRON		21.582.000,00

Um er að ræða færslu, sem færð er til eignar á „Biðreikningur“ og byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.4) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af tékkareikningi Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning

Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080) inn á vörlureikning Baugs í Luxembourg (skjal málsins nr. II/44.4.1.5).

Fylgiskjalið (skjal málsins nr. II/45.2.4) er borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svarts varðandi þetta sama blað vegna færslu nr. S005114.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svarts varðandi þetta sama blað vegna færslu nr. S005114.

Tryggvi er beðinn um að skyra hvað sé á bak við ofangreinda færslu í bókhaldi Baugs.

Tryggvi kveðst vísa til svarts hans hjá SRS þar sem hann hafi verið yfirheyrður vegna þessa.

Tryggvi er spurður hvort borist hafa reikningur vegna þessarar greiðslu til Kaupþings.

Tryggvi kveðst ekki muna það en kveðst telja að þetta komi fram í yfirheyrslu hans hjá SRS.

Tryggvi er spurður hvers vegna greiðslan sé eignfærð á biðreikning þegar svo virðist sem Baugur sé að færa fjármuni inn á vörlureikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggvi kveðst á ný vísa til yfirheyrslu hjá SRS en líklega hafi verið fært á biðreikning þar sem beðið hafi verið eftir fylgiskjali.

Tryggva er kynnt að eignfærsla á „Biðreikningur“ hafi verið leiðrétt tæpum tveimur árum eftir færslu hennar og fjárhæðin þá eignfærð á bókhaldslykil „Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk“.

**Færsla nr. I00725 dags. 30.06.2001 með texta: „Kaupþing fært á fyrirframgreiddan kostnað“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 73112	Biðreikningur		21.582.000,00
B 74592	Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk	21.582.000,00	

Færslan er byggð á fyrirmælum um færslur samkvæmt bókunarblaði sem er handskrifað, ódagsett og óundirritað (skjal málsins nr. II/45.2.5).

Fylgiskjalið (skjal málsins nr. II/45.2.5) er borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi kveðst ekki kannast við það og ekki vita hver hafi útbúið það.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi segir að millifærslur á milli bókhaldslykla, þ.e. leiðréttингafærslur, séu iðulega gerðar með bókunarblöðum.

Tryggvi er spurður hvort að hann geti skýrt þessa færslu á milli bókhaldslykla.

Tryggvi kveðst ekki geta gert það og hafi hann ekki gefið fyrirmæli um þessa færslu.

Tryggva er kynnt að samkvæmt gögnum úr bókhaldi Baugs megi sjá að í mars 2001 hafi verið byrjað að gjaldfæra fjárhæðina 21.582.000,00 í bókhaldi Baugs með mánaðarlegum færslum (lotunum) að fjárhæð kr. 900.000,00.

Undir Tryggva eru nú borin skjöl úr bókhaldi Baugs sem sýna lotunina fram til júní 2002 en þá höfðu verið lotaðar samtals kr. 14.400.000,00 (skjöl málsins nr. II/45.2.6-II/45.2.21).

Tryggvi er nú beðinn um að skýra ástæðu þess að fjárhæðin er gjaldfærð og jafnframt hvers vegna það sé gert með þeim hætti að lota kr. 900.000,00 mánaðarlega.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þessar færslur og þær hafi ekki verið gerðar eftir hans fyrirmælum. Tryggvi kveðst að öðru leyti vísa til svara sinna við yfirheyrsu hjá SRS.

Í bókhaldi Baugs má sjá að hluti ofangreindrar eignfærslu að fjárhæð kr. 21.582.000,00 hafi verið færður til gjalda á bókhaldslykla með heitunum „Ýmislegt án vsk“ og „Ýmislegt ófrádráttarbært“ með 16 mánaðarlegum færslum hver að fjárhæð kr. 900.000.


Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir bókhaldslyklum F39302 „Ýmislegt ófrádráttarbært“ og F39292 „Ýmislegt án vsk“ og hvernig þeir séu notaðir í bókhaldi félagsins og hvers konar færslur fari aðallega inn á þá.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svarts, hann þekki ekki til færslunnar. Varðandi bókhaldlyklana þá skyri nöfn lyklanna sig sjálf.


Tryggva er nú kynnt yfirheyrsu vegna þessa efnis sé ekki lokið og verði framhaldið mánudaginn 6. júní 2005, kl. 08:30 og er Tryggvi boðaður til yfirheyrsu þá.

Skýrslutöku lokið kl. 12:40


Upplesið staðfest rétt eftir haft:

  
Tryggvi Jónsson

Viðstaddir yfirheyrsu:

  
Andri Árnason hrl.

Skýrsluna skráði:

  
Grímur Grímsson

  
Aldís Hilmarsdóttir

VII-20

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	RLS
Skýrslu gerir		Mál nr.
Grímur Grímsson löggreglufulltrúi	006-2002-0086	
Staður og stund:		
Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, mánudaginn 6. júní 2005, kl. 08:35		
Sakarefni:		
Brot gegn lögum um bókhald, ársreikninga og 158. gr. og 262. gr. alm, hgl. 19/1940.		
Sakborningur/grunaður:	Kennitala:	
Tryggvi Jónsson	140755-2739	
Starf/staða:	Vinnusími:	
Fyrrv. forstjóri Baugs hf.		
Löghemili:	Sími:	
Vesturhús 22, Reykjavík	567 6363/691 8888	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrlu hjá löggreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeilda Ríkislöggreglustjórans, samkvæmt boðun. Tryggvi er fyrrverandi forstjóri og aðstoðarforstjóri Baugs hf.

Tryggva er kynnt tilefni yfirheyrlunnar sem varðar meint brot hans gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og almennum hegningarlögum með því að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs þegar eigin hlutabréf í félagini að nafnverði kr. 40.000.000,00 voru færð til vörlu hjá Kaupthing Bank Luxembourg og notuð þar, m.a. til uppfyllingar kaupréttarákvæðum starfssamninga æðstu stjórnenda Baugs hf.

Tryggva er kynnt að honum sé óskyld að svara spurningum um það sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að kjósi hann að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Tryggvi kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrlunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Andri Árnason hrl. er skipaður verjandi Tryggva og er hann viðstaddur yfirheyrluna.

Viðstödd yfirheyrluna og þáttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir löggreglufulltrúi.

Tryggvi kom til yfirheyrlu vegna þessa sakarefnis þann 30. maí 2005. Yfirheyrlu var þá hætt kl. 12:40 og Tryggva kynnt að yfirheyrlu yrði framhaldið í dag.

Tryggvi er spurður hvort færsla Baugs á eigin hlutabréfum á vörlureikning Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið skráð sem sala bréfanna til bankans og færð upp krafa á viðskiptareikning Kaupthing Bank Luxembourg í bókhaldi Baugs.

Tryggvi segir svo vera. Tryggvi segir að vörlureikningar hafi verið nýjir á þessum tíma og þess vegna hafi hann talið og telji raunar enn að eina leiðin til að færa vörlu „nominee holder“ á hlutabréfum í hlutafélagi sé að færa kröfu á viðkomandi „nominee holder“ sem í þessu tilviki hafi verið Kaupthing Bank í Luxembourg, í bókhaldi hlutafélagsins. Tryggvi kveðst einnig benda á að skattransóknarstjóri hafi ekki gert athugasemd við þessa meðferð Baugs á eigin hlutabréfum.

Tryggvi er spurður hvort krafa Baugs á hendur Kaupþingi á viðskiptareikningi í bókhaldi Baugs hafi átt að endurspeglar eign Baugs á vörlureikningi hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

06679

Tryggi segir að viðskiptareikningur Kaupþings hjá Baugi hafi aðallega átt að endurspeglar vörlureikninginn í Luxembourg en þó ekki eingöngu.

Tryggi er spurður hvernig halda hafi átt aðgreindri kröfu á viðskiptareikningi Kaupþings, sem átti að endurspeglar eign Baugs á vörlureikningi hjá Kaupthing Bank Luxembourg, frá færslum vegna viðskipta Baugs og Kaupþings sem ekki tengdust vörlureikningunum í Luxembourg.

Tryggi segir að hugsunin hafi verið sú að ekki yrðu mikil viðskipti á milli Baugs og Kaupþings þar sem Baugur myndi eignast kröfu á hendur Kaupþingi en ef slík viðskipti myndu eiga sér stað yrðu þau einnig færð á viðskiptareikninginn. Tryggi segir að hefðu slík viðskipti aukist hefði hugsanlega verið brugðist við því með opnun annars reiknings.

Fyrir Tryggva er lagt excel-skjal sem fannst við rannsókn á tölvukerfi Baugs sem halldagt var við húsleit efnahagsbrotadeildar á skrifstofum Baugs 28. ágúst 2002. Skjalið fannst á heimasvæði Lindu Jóhannsdóttur fyrrverandi fjármálastjóra Baugs undir Fjárfestingar með nafninu „aðalskrifstofa 2000.xls“.

Tryggva er bent á lista á skjalinu sem er merktur „Kröfur 4/4/00“. Tryggva er bent á að þar séu listaðar upp kröfur á viðskiptamenn samtals að fjárhæð kr. 575.212.841. Á meðal þessara krafna er krafa á viðskiptareikningi Kaupþings að fjárhæð kr. 166.070.899. Sú fjárhæð er dregin frá heildarfjárhæð viðskiptakrafna ásamt kröfu á hendur Viðskiptatrausti að fjárhæð kr. 31.989.417. Fjárhæð sem sögð er innheimtanleg er kr. 377.152.525 en það er heildarfjárhæð viðskiptakrafna að frádregnum kröfum á hendur Kaupþingi og Viðskiptatrausti.

Tryggi er spurður hvort hann geti upplýst hvaða upplýsingar hafi legið að baki þeirri niðurstöðu Lindu að krafa á viðskiptareikningi Kaupþings hjá Baugi væri ekki á meðal þeirra krafna sem Linda teldi innheimtanlegar.

Tryggi segir að Linda verði fyrst og fremst að svara þessu. Tryggi segir að hugsanlega hafi Linda spurst fyrir um reikninginn og fengið svör á þeim nótum að krafan væri tilkomin vegna vörlureiknings í Luxembourg. Aðspurður segir Tryggi að hann geti ekki sagt til um hvort Linda hafi á þessum tíma vitað af vörlureikningum hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Aðspurður um hvort hann hafi upplýst Lindu um tilvist vörlureikningsins í Luxembourg segir Tryggi að hann muni ekki eftir einstökum samtlöum frá því fyrir sex árum síðan.

Tryggi er spurður hvort færsla á sölu hlutabréfanna til Kaupthing Bank Luxembourg og krafa þess vegna á viðskiptareikningi bankans í bókhaldi Baugs, án nokkurra skýringa eða vitneskju stjórnar félagsins, starfsfólks þess eða endurskoðenda hafi verið í bága við ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög en þar segir: „Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.“

Tryggi segir að hann hafi ekki litið svo á að um væri að ræða brot gegn ákvæðum 104. gr. laga um hlutafélög. Tryggi segir að stjórnarformanni félagsins hafi verið kunnugt um reikninginn og þannig sé það ekki rétt að stjórn félagsins hafi ekki verið kunnugt um tilvist vörlureikningsins í Luxembourg. Tryggi segir að færð hafi verið sala á hlutabréfunum til Kaupþings en, eins og áður hafi komið fram, hafi verið um að ræða færslu á hlutabréfunum í vörsu Kaupthing Bank í Luxembourg sem hafi við það orðið „nominee holder“. Tryggi segir að ástæða færslu hlutabréfanna til Kaupthing Bank hafi verið til uppfyllingar kaupréttarákvæðum starfssamninga stjórnenda félagins.

Fyrir Tryggva er lögð útprentun laga um ársreikninga nr. 144/1994. Tryggva er sérstaklega bent á 49 gr. laganna en þar segir í 1. mgr. um atriði sem varða eigin hluti og fram skulu koma í skýringum með ársreikningi, sbr. 36. gr. laganna:

„Eftirfarandi upplýsingar skal veita um eign félags á eigin hlutum:

1. fjölda og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum;
2. fjölda og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra og
3. ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.“

Tryggvi er spurður hvort gætt hafi verið ákvæða 49. gr. laga um ársreikninga við gerð ársreikninga Baugs hf. fyrir árin 1999 – 2001 (28.2. 2002). Ársreikningar Baugs hf. fyrir árin 1999 – 2001 (28.2. 2002) liggja frammi.

Tryggvi segir að honum sé ekki kunnugt að nokkurn tíma hafi vísvitandi verið gengið gegn ákvæðum hlutafélaga- eða ársreikningslagu við gerð ársreikninga Baugs. Tryggvi segir að hann muni ekki nú, sex árum síðar, hvers vegna þessi færsla á eigin hlutabréfum til Kaupthings Bank í Luxembourg, hafi ekki verið tiltekin í ársreikningi, hafi átt að gera það.

Tryggva er sérstaklega bent á 2. og 3. tl. 49. gr. laga um ársreikninga og hann spurður hvers vegna ekki hafi verið farið eftir þessum ákvæðum.

Tryggvi segir að hann geti ekki svarað þessu enda hafi hann ekki gert ársreikningana. Tryggvi segir að endurskoðendur félagsins hafi útbúið ársreikningana og hann hafi svarað spurningum sem endurskoðendurnir beindu að honum.

Tryggva er kynnt að endurskoðendur Baugs, Anna Þórðarsóttir og Stefán Hilmarsson hafi borið í yfirheyrslu hjá löggreglu varðandi endurskoðun þeirra á kröfu á hendur Kaupþingi samkvæmt viðskiptareikningi hjá Baugi að þau hafi látið senda svokallað staðfestingarbréf til Kaupthing Bank í Luxembourg til staðfestingar á því að krafa á hendur bankanum í bókhaldi Baugs ætti við rök að styðjast. Að sögn endurskoðendanna barst ekki svar frá bankanum. Tryggvi er spurður hvort hann kannist við að hafa komið að því að senda nefnt staðfestingarbréf eða reka á eftir svari frá Kaupthing Bank varðandi kröfuna.

Tryggvi kveðst ekki muna til þess enda hafi slík bréf væntanlega farið í gegnum fjármálasvið félagsins.

Tryggva er kynnt að við yfirheyrslu dags. 30. maí 2005 hafi hann sagt þegar hann hafi verið spurður um hvers vegna kaupréttu skv. starfssamningum æðstu stjórnenda Baugs hafi ekki verið getið í ársreikningum félagsins 1999 – 2001 (28.2. 2002) að ákvæði um slikt hafi ekki verið í lögum fyrr en síðar og jafnframt að á þessum tíma hafi ekki verið lögbundið að geta starfskjara stjórnenda hlutafélaga í ársreikningum þeirra.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við þennan framburð sinn að bæta.

Tryggvi segir að hann minni að lögini hafi verið með þessum hætti. Tryggvi segir að á þessum tíma hafi hann einnig talið að fjármunir vegna kaupréttu væru ekki skattskyldir fyrr en væru færðir til Íslands, þ.e. hafi nýting kaupréttu farið fram erlendis. Tryggvi segir að þessi skilningur hans komi einnig fram í yfirheyrslum hjá skattrannsóknarstjóra.

Fyrir Tryggva er lögð útprentun laga um ársreikninga nr. 144/1994. Tryggva er sérstaklega bent á 48 gr. laganna en þar segir í 2. mgr. um atriði sem varða laun og hlunnindi stjórnenda og fram skulu koma í skýringum með ársreikningi, sbr. 36. gr. laganna:

„Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.“

Tryggva er kynnt að lögin hafi tekið gildi 1. janúar 1995 og hafi 48. gr. laganna ekki verið breytt síðan.

Tryggvi er spurður hvers vegna ekki hafi verið farið eftir ákvæðum laga um ársreikninga, sbr. 2. mgr. 48. gr. laganna varðandi starfskjör æðstu stjórnenda Baugs og hvers vegna þeim hafi verið haldið leyndum fyrir endurskoðendum félagsins.

Tryggvi kveðst fyrst vilja mótmæla því að kaupréttarákvæðum starfssamninga stjórnenda Baugs hafi verið haldið leyndum fyrir endurskoðendum félagsins, það sé ekki rétt. Tryggvi segir að það hafi verið skýrt í hans huga og hann telji það hafa verið almennan skilning á þessum tíma að kaupréttir félru ekki undir ákvæði 48. gr. laga um ársreikninga og þyrfti því ekki að geta í ársreikningum hlutafélaga. Tryggvi segir að síðar hafi orðið breyting á reglum Verðbréfþafings varðandi upplýsingaskyldu um kauprétti.

Tryggva er kynnt að við yfirheyrslu dags. 30. maí 2005 hafi hann í nokkur skipti vísað í yfirheyrslur yfir honum hjá SRS.

Tryggva er kynnt að þær spurningar verði nú bornar undir hann á ný og hann beðinn um svara þeim efnislega eða að benda á hvar í skýrslum SRS sé að finna svör við spurningunum.

Bls. 10. „*Tryggvi er spurður hvers vegna hann hafi haldið því leyndu fyrir endurskoðanda félagsins að til staðar væru kaupréttarsamningar við æðstu stjórnendur Baugs.*

*Tryggvi kveðst einnig vísa til svarts hans hjá skatstrannsóknarstjóra varðandi þessa spurningu. Tryggvi segir að hann minnist þess ekki að Anna hafi spurt hann um þetta og hafi Anna spurt hann hafi hann sagt henni satt og rétt frá.*“

Tryggvi er beðinn um að upplýsa hvaða svarts í skýrslu hjá SRS hann sé að vísa til.

Tryggvi segir að hann hafi fengið þessa spurningu áður hvort heldur það hafi verið hjá RLS eða SRS en efnislega sé svart það að hann minnist þess ekki að Anna hafi spurt hann um kaupréttarsamninga stjórnenda félagsins og hann hefði sagt henni frá þeim hefði hún spurt.

Bls. 10 – 11. Tryggvi var þar beðinn um að skýra færslu S005128 í bókhaldi Baugs:

„*Tryggvi er beðinn um að skýra hvað sé á bak við ofangreinda færslu í bókhaldi Baugs.*

*Tryggvi kveðst vísa til svarts hans hjá SRS þar sem hann hafi verið yfirheyrður vegna þessa.*

*Tryggvi er spurður hvort borist hafa reikningur vegna þessarar greiðslu til Kaupþings.*

*Tryggvi kveðst ekki muna það en kveðst telja að þetta komi fram í yfirheyrslu hans hjá SRS.*

*Tryggvi er spurður hvers vegna greiðslan sé eignsærð á biðreiðkning þegar svo virðist sem Baugur sé að færa fjármuni inn á vörslureikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg.*

*Tryggvi kveðst á ný vísa til yfirheyrslu hjá SRS en líklega hafi verið fært á biðreikning þar sem beðið hafi verið eftir fylgiskjali.“*

Tryggvi er beðinn um að upplýsa hvaða svara í skýrslu hjá SRS hann sé að vísa til.

Tryggvi segir að hann hafi verið spurður ítarlega um vörlureikninginn hjá SRS og hafi hann svarað þeim spurningum þar. Tryggvi segir að best sé að spurningar verði bornar undir hann á ný.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvað sé á bak við ofangreinda færslu í bókhaldi Baugs.

Tryggvi kveðst ekki treysta sér til að svara því hvað sé á bak við færsluna.

Tryggvi er spurður hvort borist hafa reikningur vegna þessarar greiðslu til Kaupþings.

Tryggvi segir að fram komi í skýrslu hans dags. 30. maí 2005 að hann muni ekki eftir því hvort borist hafi reikningur.

Tryggvi er spurður hvers vegna greiðslan sé eignfærð á biðreikning þegar svo virðist sem Baugur sé að færa fjármuni inn á vörlureikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggvi vísar til svarts hans við spurningunni hjá lögreglu dags. 30. maí 2005 að líklega hafi verið fært á biðreikning þar sem beðið hafi verið eftir fylgiskjali. Tryggvi segir að verið geti að beðið hafi verið bankakvittunar eða reiknings.

Undir Tryggva er borið skjal af heimasvæði Lindu Jóhannsdóttur hjá Baugi undir uppgjör 2000 með nafninu „ýmsir lyklar2000.xls“. Tryggva er á það bent að við færslu S005128 standi annars vegar TJ er með málið og hins vegar séu upphafsstafir hans við færsluna undir ATH. Tryggvi er spurður hvort hann geti skýrt vísun til upphafsstafa hans í skjalinu.

Tryggvi segir að um sé að ræða skjal frá Lindu sem hann muni ekki eftir að hafa séð. Tryggvi segir að hugsanlega hafi Linda spurt hann um þetta og hann ætlað að skoða málið.

Tryggva er kynnt að í framburði hans hjá SRS dags. 6. apríl 2004 hafi hann sagt varðandi þessa færslu að hann ætlaði að taka saman skýringar vegna þessarar færslu. Tryggvi er spurður hvort hann hafi tekið saman þessar upplýsingar og komið til SRS.

Tryggvi kveðst ekki muna það nákvæmlega en segir að einhverjum upplýsingum hafi hann komið til SRS í tölvupósti.

Tryggva er kynntur eftirfarandi texti úr skýrslu vegna yfirheyrslu yfir Stefáni Hilmarssyni dags. 30. maí 2005.

*„Fyrir Stefán er lagður hreyfingarlisti viðskiptamannareiknings vegna viðskiptamanns, V560882-0419 „Kaupþing“, fyrir tímabilið 1998 – 28. febrúar 2002.*

*Stefán er spurður hvaða endurskoðunaraðgerðum hafi verið beitt til að staðreyna réttmæti kröfu Baugs á viðskiptareikningi Kaupþings fyrir rekstrarárin 1999-2001 (28.2.2002).*

*Stefán segir að könnuð hafi verið frumgögn sem lágu að baki upphafsfærslum á reikningnum, en þar sé um að ræða hlutabréf í Baugi sem sold voru Kaupthing Bank Luxembourg, að nafnverði*

40.000.000 kr. Um hafi verið að ræða skoðun sem fram fór árið 1999, á frumgögnum annarsvegar frá Kaupthing Bank Luxembourg þar sem fram koma kaup bankans á nefndum hlutabréfum og hinsvegar tilkynning undirrituð af Tryggva Jónssyni til hlutaskrár Baugs þar sem tilkynnt er um kaup Kaupthing Bank Luxembourg á 40.000.000 kr. að nafnverði í Baugi. Þessi gögn hafi legið fyrir í bókhaldi Baugs.

*Stefán bætir við að i upphafi hafi verið send staðfestingarbréf til Kaupthing Bank til að geta staðreynt þessa kröfum en svör hafi ekki borist varðandi þessa kröfum. Stefán segir að þá hafi hann fengið munnlega staðfestingu frá Tryggva Jónssyni um að krafan yrði greidd eins og áður sagði. Stefán bendir á að einnig hafi honum borist staðfestingarbréf stjórnenda (letter of representation) sem staðfesti að allar þær upplýsingar sem máli skipta um fjárhagsstöðu Baugs komi réttilega fram í ársreikningum.“*

Tryggva er sérstaklega bent á þann hluta framburðar Stefáns þar sem fram kemur að frumgögn sem hann hafi skoðað við endurskoðun hafi verið gögn frá Kaupthing Bank Luxembourg þar sem fram komi kaup bankans á nefndum hlutabréfum í Baugi.

Tryggvi er spurður hvort hann geti skýrt hvaða frumgögn Stefán sé að vísa til sem hafi sýnt kaup Kaupthings Bank í Luxembourg á hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 40.000.000.

Tryggvi segir að hann muni ekki eftir því hvaða frumgagns frá Kaupthing Bank í Luxembourg Stefán sé að vísa til en segir að verið geti að um sé að ræða kaupnótum frá bankanum.

Tryggva er kynntur eftirfarandi texti úr skýrslu vegna yfirheyrlu yfir honum dags. 30. maí 2005 :

*„Tryggva er kynnt að svo virðist sem endurskoðendum félagsins, stjórn og starfsmönnum félagsins hafi ekki verið kunnugt um tilvist vörlureikningsins í Kaupthing Bank Luxembourg fyrr en á haustmánuðum 2002. Tryggvi er beðinn um að skýra ástæðu þessa.*

Tryggvi segir að hann hafi enga sérstaka skýringu á því.

Tryggvi er spurður hvort tekin hafi verið ákvörðun um það á meðal hans, Óskars og Jóns Ásgeirs að halda reikningnum leyndum fyrir endurskoðendum, stjórn og starfsmönnum Baugs.

Tryggvi segir að engin slik ákvörðun hafi verið tekin.“

Tryggvi er spurður um ástæðu þess að stjórn Baugs, starfsfólk félagsins og endurskoðendur þess hafi ekki haft vitnesku um vörlureikning Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg og endurspeglun hans í bókhaldi Baugs í kröfum samkvæmt viðskiptareikningi Kauppings hjá Baugi.

Tryggvi segir að stjórnarformanni hafi verið fullkunnugt um reikninginn í Luxembourg og þar með líti hann svo á að stjórninni hafi verið kunnugt um vörlureikninginn. Tryggvi segir að hann hafi engar skýringar á því af hverju starfsfólk og endurskoðendum Baugs hafi ekki verið kunnugt um vörlureikninginn en reikningnum hafi ekki verið haldið leyndum fyrir þessum aðilum.

Kl. 10:17 er gert hlé á yfirheyrlu.

Kl. 10:27 er yfirheyrlu framhaldið.

## Tölvupóstur Tryggva Jónssonar.

Tryggva er nú kynnt að við rannsókn á tölvu hans sem lagt var hald á við húsleit löggreglu í höfuðstöðvum Baugs hf. 28. ágúst 2002 hafi fundist tölvupóstssamskipti á milli hans og Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg.

Tölvupósturinn verður nú borinn undir Tryggva og hann beðinn um að gera grein fyrir efni póstsins.

Fyrir Tryggva er lögð samantekt rannsóknara (skjal málsins nr. II/45.1) á tölvupóstsskeytum svo og hvert skeyti í réttri tímaröð.

Fyrir Tryggva er lagður tölvupóstur frá honum til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 22.6. 1999. (nr. 1 í samantekt rannsóknara II/45.1)

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann muni eftir þessum pósti.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins.

Tryggvi segir að um sé að ræða hugleiðingar. Sumt í póstinum hafi gengið eftir og annað ekki.

Tryggvi er spurður hvað hann eigi við í tölulið 1 þar sem fram kemur að Kaupthing Lux. hafi keypt þann 1.4. 1999 4% hlutabréfa í Baugi af Baugi á kr. 330.764.000.

Tryggvi segir að þarna sé hann að tala um sölu 4% hlutabréfa í Baugi til Kaupthings Bank í Luxembourg.

Tryggvi er spurður hvort hann eigi þá við færslu á eigin hlutabréfum Baugs á vörlureikning hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Tryggvi segir að, eins og áður hafi komið fram hjá honum, hafi hann alltaf litið á þetta sem sölu enda hafi bankinn haft sjálfstæðan ráðstöfunarrétt yfir bréfunum og veð í þeim.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvað hann eigi við í tölulið 1 þar sem fram kemur að KL hafi greitt kaupverð hlutabréfanna með skuldabréfi í erlendri mynt, sem hafi sigið á tímabilinu.

Tryggvi segir að væntanlega hafi verið hugmynd á þessum tíma að Kaupthing Bank myndi greiða fyrir bréfin með skuldabréfi en af því hafi ekki orðið þar sem Kaupthings-menn hafi ekki talið fýsilegan kost að ganga frá kaupunum með skuldabréfi heldur kosið að hafa hlutabréfin á vörlureikningi og því hafi ekki komið til að skuldabréfið hafi verið gefið út. Tryggvi segir að hann hafi verið að koma úr frii þennan dag eða um þetta leyti og pósturinn er skrifaður og hann kunni að hafa talið að skuldabréfið hafi verið gefið út á þeim tíma sem hann hafi verið í fríi.

Tryggvi er spurður varðandi tölulið 2 hvort þar sé vísað til sömu 2% og hann sjálfur, Óskar Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi keypt þann 15.6. 1999 á genginu 6,24 og selt samdægurs á genginu 10,0, þ.e. þegar þeir hafi nýtt kauprétt skv. starfssamningum.

Tryggvi segir að hann vænti þess að um sömu 2% sé að ræða.

Tryggvi er spurður hvort þessi áætlun í tl. 2 hafi gengið eftir, þ.e. að Eiríkur Sigurðsson og Helga Gísladóttir hafi keypt 1,62% hlutabréfa í Baugi.

Tryggvi segir að hann þekki það ekki. Tryggvi segir að bréfin hafi verið sold en hann viti ekki hver hafi keypt bréfin. Aðspurður segir Tryggvi að í 2. tl. sé hann með hugsanlega með vangaveltur um að Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson kaupi bréfin. Tryggvi segir að sér þyki ekki ólíklegt að um sé að ræða samhengi við kaup Baugs á verslunarkeðjunni 10/11 af þeim Helgu og Eiríki. Tryggvi segir að á endanum hafi bréfin verið sold og fjármunir komið inn.

Tryggvi er spurður varðandi tl. 3 hvaða einstaklinga hann kalli Bakkabræður.

Tryggvi segir að í þessu tilviki eins og stundum áður hafi hann verið að nota húmor í tölvupósti en hann sé væntanlega að vísa til sín sjálfs, Jóns Ásgeirs og Óskars Magnússonar. Aðspurður segir Tryggvi að um sé að ræða sömu sölu og rætt er um í tl. 2 í tölvupóstinum, þ.e. uppfylling kaupréttarvilnunar hans, Jóns Ásgeirs og Óskars. Tryggvi segir að Magnúsi hafi verið ljóst hvað hver þeirra myndi kaupa stóran hlut.

Vísad er til tl. 4.

Þar segir: „KL greiðir 1/2 af skuld sinni við Baug, eða 165.382 þús kr.“

Tryggvi er spurður hvort hann sé þarna að vísa til þeirrar greiðslu sem Baugi barst frá Kaupthing Bank Luxembourg þann 7.7. 1999, sbr. fylgiskjal S005114 úr bókhaldi Baugs.

Tryggvi segir að þarna sé um sömu greiðslu að ræða. Tryggvi bendir á að í 4. tl. sé hann að ræða um að greiðslan verði hugsanlega lægri vegna gengismunar. Tryggvi segir að það sé til marks um það að hann hafi talið að greitt hafi verið með skuldabréfi sbr. 1. tl. tölvupóstsins. Tryggvi segir að öðru leyti séu í tl. 4 og 5 vangaveltur sem ekki hafi gengið eftir.

Tryggva er kynnt eftirfarandi setning úr tl. 4: „KL hefur til ráðstöfunar 200,0 mio.-75,2 mio.kr., eða 124,8 mio. kr.“

Tryggvi er beðinn um að skýra þá útreikninga sem þarna koma fram.

Tryggvi segir að hann sé þarna að vísa til þess að söluverð m.v. gengi 10 sé að fjárhæð kr. 200 milljónir en að kaupverð hans, Óskars og Jóns Ásgeirs hafi verið 124,8 milljónir. Mismuninn hafi þeir fengið til sín, þ.e. hann sjálfur, Óskar og Jón Ásgeir.

Tryggva er einnig kynnt eftirfarandi setning úr tl. 4: „Vantar því 40 mio. kr. upp á, sem greiðast þannig:

Í júní 99 sendir Kaupþing Ísland reikning á Baug fyrir rúmar 20 mio. kr. (t.d. 21,200 þús.) sem leiðréttingu á vöxtum vegna liðins árs (Mikil viðskipti á liðnu ári). Kþ sendir greiðsluna áfram til KL.

Tímabilið júlí 99 – des 99 greiðir Baugur það sem á vantar til KL í formi mánaðargjalds vegna ráðgjafarþjónustu og upplýsingaöflun (m.a. öflun upplýsinga um Carrefour og önnur verslunarfyrtæki, ráðgjöf varðandi fjárfestingar og vinna við að koma á viðskiptasamböndum).“

Tryggvi er spurður við hvað sé átt í tl. 4 þar sem fram kemur að 40 mio. kr. vanti upp á.

Tryggvi segir að þar sé um að ræða mismun á kr. 165.382 og kr. 124.800.

Tryggvi er spurður hvort með orðalaginu í tl. 4 „rúmar 20 mio. kr.“, sé hann að vísa til greiðslunnar sem barst frá Baugi til Kaupthing Bank Luxembourg þann 7.7. 1999 sbr. fylgiskjal nr. S005128 úr bókhaldi Baugs, þ.e. að fjárhæð kr. 21.582.000.

Tryggvi segir að hann hafi talið að vegna mikilla viðskipta á milli Baugs og Kaupþings hafi Baugi borið að fá vaxtaleiðréttingu frá bankanum og um það hafi hann verið að ræða í tölvupóstinum. Tryggvi segir að Kaupþings menn hafi ekki samþykkt þessa vaxtaleiðréttingu og þess vegna hafi Kaupthing Bank í Luxembourg verið greiddar kr. 21.582.000 sem hluta mismunar á 165.382.000 og 124.800.000. Tryggvi segir að restin hafi verið greidd með víxli að fjárhæð kr. 19.000.000.

Tryggvi segir að hann hafi viljað skuldajafna þeirri vaxtaleiðréttingu sem hann hafi talið sig eiga rétt á hjá Kaupþingi við hluta skuldarinnar sem myndast hafði við Kaupthing Bank í Luxembourg vegna uppfyllingar kaupréttar stjórnenda Baugs. Tryggvi segir að verið geti að þessar umræður um hvort Kaupþingi bæri að leiðréttu vaxtagreiðslur hafi verið ástæða þess að fjárhæðin kr. 21.582.000 var færð á biðreikning í bókhaldi Baugs.

Tryggvi bendir á að hann hafi, á þeim tíma sem hann skrifar tölvupóstinn, verið fastur í þeirri hugsun að Kaupthing hafi greitt fyrir hlutabréfin í Baugi með skuldabréfi og þess vegna búist við að fá helming kröfus Kaupþings samkvæmt viðskiptareikningi greiddar en ekki aðeins söluverðmæti hlutabréfanna, þ.e. kr. 124.800.000, sem hefði verið eðlilegt ef hann hefði ekki verið með skulabréfið í huga.

Tryggvi er spurður hvort Baugi hafi borist reikningur frá Kaupþingi á Íslandi vegna leiðréttigar á vöxtum að fjárhæð kr. 21.582.000.

Tryggvi segir að það hafi ekki gerst.

Tryggvi er spurður varðandi tl. 5 hvort af sambærilegum viðskiptum hafi orðið með seinni 2% á vörlureikningi Baugs í Kaupthing Bank Luxembourg árin 2000 og 2001.

Tryggvi segir að það hafi ekki orðið. Tryggvi segir að á árinu 2000, þ.e. í kjölfar sölu ríkisbankanna, hafi komið upp önnur staða en lagt hafði verið upp með þegar ákveðið hafi verið að selja hlutabréfin til Kaupthing Bank Luxembourg og því hafi verið horfið frá sambærilegri tilhögum og með fyrr 2%. Tryggvi segir að varðandi málefni starfsmanna ríkisbankanna sem hann sé að vísa til þá hafi málið endað hjá Hæstarétti sem sýni vel hvað landslag var óljóst á þessum tíma hvað varðar kauprétti og skattskyldu af þeim.

Fyrir Tryggva er lagður tölvupóstur frá Magnúsi Guðmundssyni til hans, dags. 6.7. 1999. (nr. 2 í samantekt rannsóknara II/45.1)

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir þessum pósti en hann dragi ekki í efa að hafa fengið hann.

Tryggva er kynnt að í þessum pósti virðist Magnús vera að svara hugmynd Tryggva úr tölvupóstinum frá 22.6. 1999 en í póstinum koma fram tillögur Magnúsar að því hvernig greiðslum skuli hártað á milli Kaupthing Bank Luxembourg og Baugs.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Tryggvi segir að póstur Magnúsar virðist fjalla um sama mál og tölvupóstur hans dags. 22.6. 1999.

Tryggvi er spurður hvort þessi tölvupóstssamskipti hans og Magnúsar hafi leitt til niðurstöðu varðandi mánaðarlegar greiðslur frá Baugi til Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggvi segir að niðurstaða hafi ekki fengist varðandi þær greiðslur.

Lögð eru fyrir Tryggva gögn úr bókhaldi Baugs (skjal málsins nr. II/45.2.22). Um er að ræða færslur L0079 og S005340 ásamt fylgiskjölum.

Tryggvi er spurður hvort þarna sé um að ræða fyrstu mánaðarlegu greiðsluna sem rætt er um í tölvupósti þeirra Magnúsar.

Tryggvi segir að eins og fram komi í 4. tl. í tölvupósti hans frá 22.6. 1999 hafi Kaupthing Bank í Luxembourg ætlað að vinna fyrir Baug og þessi reikningur sé tilkomin vegna þeirrar vinnu.

Tryggvi er beðinn um að skýra hvernig framhald greiðslna Baugs til Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið, m.t.t. tölvupóstssamskipta þeirra Magnúsar.

Tryggvi segir að ekki hafi orðið framhald á þessum greiðslum. Samningar á milli þeirra Magnúsar sem komi fram í tölvupóstunum hafi ekki gengið eftir.

Tryggvi er spurður hvort þessi reikningur að fjárhæð kr. 3.925.000 hafi verið ein af þeim mánaðarlegu greiðslum sem vísað er til í pósti frá Magnúsi til Tryggva dags. 22. júlí 1999 og virðist vera hluti af greiðslum frá Baugi til Kaupthings Bank í Luxembourg og tengist mismuni á kr. 165.382.000 og kr. 124.800.000, sbr. tölvupóstssamskipti þeirra Tryggva og Magnúsar.

Tryggvi segir að reikningurinn sé vegna vinnu Kaupthing Bank fyrir Baug eins og áður er fram komið og óraunhæft sé að tengja hann greiðsluröð sem fram komi í tölvupósti dags. 22. júlí 1999 það hafi verið hugmynd sem ekki hafi orðið að veruleika.

Kl. 12:08 er gert matarhlé.

Kl. 12:45 er yfirheyrslu framhaldið.

0

**Tekjfærslur á viðskiptareikning Kaupþings hjá Baugi.****Færsla nr. L0565 dags. 30.04.2000 með texta: „Tekjur v.ábyrgð á hlutabréfum“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	25.000.000,00	
F 51990	Aðrar fjármunatekjur		25.000.000,00

Um er að ræða færslu sem færð er til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf. og byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla, í fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.4) sem er handskrifað og óundirritað bréf dags. 30.04. 2000, þar sem eftirfarandi skyring kemur fram: „Tekjur Baugs v/ábyrgðar á hlutabréfum í UVS. Heildartekjur 50 mills. 25 tekjfært í apríl samkv. TJ“.

Fylgiskjalið (skjal málsins nr. II/45.4) er borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi segir að hann hafi séð þetta fylgiskjal við yfirheyrlur. Tryggvi kveðst ekki vita hvort það hafi verið hjá RLS eða SRS. Tryggvi kveðst aðspurður ekki útiloka að hann hafi séð þetta skjal í bókhaldi Baugs en kveðst ekki minnast þess sérstaklega. Aðspurður kveðst Tryggvi telja að Linda Jóhannsdóttir hafi útbúið skjalið.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi segir að þegar færðar séu áfallnar verðbætur á reikninga sé það fært á heimatilbúin skjöl en ekki skjöl frá hlutaðeigandi aðila svo sem banka, þ.a. hann telji að þetta skjal sé nægjanlegt til slíkrar færslu á verðbótum.

Tryggva er kynntur eftirfarandi framburður sem hann gaf hjá löggreglu 5. apríl 2003 (skjal málsins nr. V/1.9) þegar hann var spurður um ofangreinda tekjfærslu:

„Tryggvi segir að á þessum tíma hafi verið búið að ákveða það að þessum hlutabréfum yrði ekki endilega ráðstafað upp í skuldbindingar Baugs hf gagnvart kaupréttarsamningum. Sökum þessa kveðst Tryggvi hafa uppreiknað verðbætur upp á 25 milljónir.“

Tryggvi er spurður hvort hann hafi einhverju við þennan framburð sinn að bæta.

Tryggvi kveðst engu hafa við að bæta.

Tryggvi er spurður hvers vegna fylgiskjal með færslunni beri með sér aðra skyringu en fram kemur í framburði hans dags. 5. apríl 2003.

Tryggvi kveðst vísa til svars hans við yfirheyrlu hjá SRS dags. 23. maí 2004 en þar hafi hann tjáð sig um þetta.

Til frekari skyringar segir Tryggvi að á þessum tíma hafi hann verið að ræða ýmsar hugmyndir við Lindu og ein hugmyndin hafi varðað kaup og sölu hlutabréfa í Urður Verðandi Skuld. Tryggvi segir að hann hafi einnig verið að ræða verðbætur á vörslureikninginn í Luxembourg.

Tryggva er kynnt að hafi hann verið að ræða verðbætur á vörlureikningi Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg við Lindu hljóti henni að hafa verið kunnugt um vörlureikninginn. Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Tryggvi segir að hann hafi haldið að Linda hafi vitað af vörlureikningnum og rætt málið þannig við hana en segir að hafi henni ekki verið kunnugt um reikninginn geti það skýrt þann misskilning sem fram komi á fylgiskjalinu.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi gefið starfsmönnum fjármálasviðs Baugs fyrirmæli um ofangreinda tekjfærslu.

Tryggvi segir svo vera.

Tryggvi er spurður á hverju hann hafi byggt fyrirmælin um tekjfærsluna.

Tryggvi segir að staðan á viðskiptareikningnum hafi verið á þessum tíma kr. 166.070.899 og á þessum tíma hafi verið á vörlureikningnum kr. 20.000.000 hlutir í Baugi að nafnverði. Gengi hlutabréfa í Baugi hafi verið á þessum tíma í námunda við 9,5 en Tryggvi kveðst ekki muna það nákvæmlega. Tryggvi segir að af varfærnisástæðum hafi hann miðað við lægra gengi og látið tekjfæra kr. 25.000.000 á vörlureikninginn, þ.e. fært upp kröfu á Kaupþing á viðskiptareikningi bankans hjá Baugi enda átti sá reikningur að endurspeglar eign samkvæmt vörlureikningnum.

Tryggva er kynnt að við yfirheyrslu dags. 30. maí 2005 hafi hann sagt að ein ástæða þess að hlutabréfin í Baugi hafi við færsluna á vörlureikninginn hjá Kaupthing Bank í Luxembourg verið skráð sem eign Kaupthing Bank hafi verið sú að í raun hafi verið búið að ráðstafa bréfunum til stjórnenda Baugs sem samkvæmt starfssamningum áttu kauprétt í hlutabréfum í Baugi.

Tryggvi er nú spurður hvort þessar aðstæður hafi ekki breyst við það að ákveðin hafi verið breytt hlutverk vörlureikningsins og ekki hafi lengur verið ætlun Baugs að nýta hlutabréfin á vörlureikningnum til þess að mæta kaupréttum stjórnenda félagsins.

Tryggvi segir að við þessa ákvörðun hafi verið litið svo á að vörlureikningurinn hefði annað hlutverk, þ.e. að kaupa og selja hlutabréf og því hafi verð litið svo á að hlutabréfin í Baugi hafi verið ein af eignum á reikningnum þótt þau væri ekki lengur ætluð til uppfyllingar kaupréttarákvæða starfssamninga stjórnenda.

#### Færsla nr. L0619 dags. 30.06.2000 með texta: „Þóknun vegna hlutabréfakaupa“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	13.045.954,00	
F 19922	Tekjur utan samstæðu án vsk		13.045.954,00

Um er að ræða færslu, til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf. Fylgiskjal með færslunni er útprentun úr færslubók. (skjal málsins nr. II/45.5)

Fylgiskjalið (skjal málsins nr. II/45.5) er borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi segir að hann minnist ekki þessarar færslu sérstaklega.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi kveðst ekki vilja tjá sig um það en telur að þeir sem fært hafi bókhaldið hafi talið skjalið nægjanlegt til bráðbirgða.

Tryggvi er beðinn um að skýra þessa tekjfærslu.

Tryggvi kveðst telja að um sé að ræða þóknun vegna sölu á hlutabréfum í Baugi til þriðja aðila. Tryggvi segir að í hlutabréfaútboðum félagsins hafi hann og Jón Ásgeir unnið í því að finna kaupendur að hlutabréfum í Baugi og hafi þeir farið fram á að fá hluta að sölupóknun Kaupþings vegna þessa og hafi það gengið eftir. Tryggvi kveðst að öðru leyti vísa til Jóns Ásgeirs hvað þetta varðar.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi gefið starfsmönnum fjármálasviðs Baugs fyrirmæli um ofangreinda tekjfærslu.

Tryggvi kveðst ekki hafa gefið þau fyrirmæli.

Tryggva er nú kynnt að rannsóknarar hafi lokið yfirheyrslu þessari

Tryggvi er spurður hvort hann vilji koma á framfæri einhverjum athugasemdum varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Tryggvi kverður svo ekki vera.

Tryggvi les nú yfir framburð sinn.

Tryggvi hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasendum.

Tryggva er kynnt að hann sé boðaður til skýrslutöku sem hér segir:

föstudag 10. júní 2005, kl. 09:00,  
mánudag 13. júní 2005, kl. 14:00,  
miðvikudag 15. júní 2005, kl. 14:00 og  
mánudag 20. júní, kl. 13:00.

Tryggvi segir að föstudaginn 10. júní 2005 sé hann laus á milli 08:00 og 11:00, mánudag 13. júní 2005 sé verjandi hans upptekinn en geti komið kl. 16:00 þriðjudag 14. júní 2005, miðvikudaginn 15. júní 2005 sé hann laus og mánudaginn 20. júní 2005 sé hann laus kl. 16:00.

Skyrslutöku lokið kl. 14:45

Upplesið staðfest rétt eftir haft:

Jónas Þórðarson

Viðstaddir yfirheyrslu:

Aldis Þilmanch.

Skyrsluna skráði:

S. Þ. Þ.  
Aldis Þilmanch.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir <b>Grimur Grímsson löggreglufulltrúi</b>	Mál nr. <b>006-2002-0086</b>	<b>V</b>
Staður og stund: <b>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, miðvikudaginn 15. júní 2005, kl. 14:06</b>		<b>1/23</b>
Sakarefni: <b>Brot gegn lögum um bókhald, ársreikninga og 158. gr. og 262. gr. alm. hgl. 19/1940.</b>		
Sakborningur/grunaður: <b>Tryggi Jónsson</b>	Kennitala: <b>140755-2739</b>	
Starf/staða: <b>Fyrrv. forstjóri Baugs hf.</b>	Vinnusími: <b>590 5500</b>	
Löghemili: <b>Vesturhús 22, Reykjavík</b>	Sími: <b>567 6363/691 8888</b>	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggi Jónsson er mættur til yfirheyrlu hjá löggreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeilda Ríkislöggreglustjórans, samkvæmt boðun. Tryggi er fyrrverandi forstjóri og aðstoðarforstjóri Baugs hf.

Tryggva er kynnt tilefni yfirheyrlunnar sem varðar meint brot hans gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og almennum hegningarlögum með því að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs þegar eigin hlutabréf í félagini að nafnverði kr. 40.000.000,00 voru færð til vörlu hjá Kaupthing Bank Luxembourg og notuð þar meðal annars til uppfyllingar kaupréttarákvæðum starfssamninga æðstu stjórnenda Baugs hf.

Tryggva er kynnt að honum sé óskyld að svara spurningum um það sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra máls nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að kjósi hann að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Tryggi kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrlunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Andri Árnason hrl. er skipaður verjandi Tryggva og er hann viðstaddur yfirheyrluna.

Viðstödd yfirheyrluna og þátttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir löggreglufulltrúi.

Tryggi hefur komið til yfirheyrlina vegna þessa sakarefnis 30. maí 2005 og 6. júní 2005.

Undir Tryggva er borinn framburður hans úr skýrslu sem tekin var af honum hjá RLS 5. apríl 2003.

„Tryggi segir að eins og alltaf sé gert með fjárvörlureikninga þá var umrætt hlutafé fært yfir á nafn Kauppings. Hins vegar hafi Kaupping ekki haft ráðstöfunarrétt yfir þessum hlutabréfum, né hafi þeir nýtt atkvædisrétt samkvæmt þeirri hlutabréfaeign. Tryggi segir þennan framgangsmáta vera algildan varðandi alla fjárvörlureikninga og vera lögum samkvæmt.“

Undir Tryggva er einnig borinn framburður hans úr skýrslu sem tekin var af honum hjá RLS 30. maí 2005.

„Tryggi segir að hlutabréfin hafi verið sold inn á vörlureikninginn og við það hafi myndist krafa á hendur Kaupping. Kaupping hafi haft veð i bréfunum og heimild til að selja þau en þurft að standa skil á andvirðinu. Tryggi segir að þetta hafi alla tíð verið hans skilningur á meðferð vörlureikninga. Tryggi segir að þess beri að geta að á þessum tíma hafi

**06706**

*vörslureikningar verið nýjir að nálinni og lítil reynsla komin á hvernig slika reikninga skyldi meðhöndla í bókhaldi félaga og kveðst Tryggvi telja að meðferð Baugs hafi verið rétt.“*

Tryggvi er spurður hvort í þessum tveimur framburðum hans komi ekki fram misrämi varðandi ráðstöfunarrétt Kaupthing Bank yfir hlutabréfum sem voru á vörslureikningi Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggvi segir að svo sé ekki. Tryggvi segir að í fyrri framburðinum sé hann að lýsa upphaflegum tilgangi með stofnun reikningsins, þ.e. að geyma hlutabréf hjá Kaupthing Bank í Luxembourg til að mætta kaupréttarákvæðum æðstu stjórnenda félagsins. Tryggvi segir að í síðari framburðinum sé hann að vísa til þess að eftir dóm Hæstaréttar Íslands í málum starfsmanna ríkisbankanna varðandi skattlagningu mismunar á markaðsgengi og kaupréttargengi hafi notkun vörslureikningsins breyst og farið hafi verið að eiga viðskipti á reikningnum og hlutabréfin í Baugi hafi þá ekki verið neitt öðru vísi en aðrar eignir á reikningnum.

Tryggvi segir að ekki hafi verið gerður nýr vörslusamningur við það að tilvitnaður dómur Hæstaréttar gekk en notkun reikningsins hafi breyst.

### **Viðskipti með hlutabréf í Arcadia.**

Tryggva er kynnt að hann sé grunaður um að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhaldi Baugs hf., um viðskipti og notkun fjármuna, þegar hann létt færa sölu 3,1 milljón hluta í Arcadia Plc. frá Baugi til Kaupthing Bank Luxembourg fyrir kr. 332.010.000 og endurkaup sömu hluta fyrir kr. 544.050.000.

Tryggva er nú kynnt að farið verði í nefndar færslur í bókhaldi Baugs og hann spurður nánar um hverja þeirra.

**Færsla nr. I00296 dags. 31.12.2000 með texta: „Lokaf. Sala hlbr. Arcadia til Kaupþ. Lux“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	332.010.000,00	
F65595	Erlend hlutabréf		167.399.464,00
F55505	Hagnaður af sölu hlutabréfa		164.610.536,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærslublaði frá endurskoðunarstofu Baugs, dags. 23.03.2001 (skjal málsins nr. II/44.2.10).

Lokafærslublaðið (II/44.2.10) er nú borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi segir að samkvæmt skjalinu sé það frá KPMG endurskoðun en hann kveðst hvorki kannast sérstaklega við skjalið né hvað einstaklingur hafi útbúið skjalið.

Tryggvi er beðinn um að skýra þessa færslu.

Tryggvi segir að um sé að ræða sölu á hlutabréfum í Arcadia frá Baugi til Kaupthing Bank í Luxembourg. Tryggvi segir að fram hafi komið að á svipuðum tíma og hann og Magnús Guðmundsson forstjóri Kaupthing Bank hafi verið að semja um þessa sölu hafi Jón Ásgeir Jóhannesson, Hreiðar Már Sigurðsson hjá Kaupþingi og Bjarni Ármannsson hjá Íslandsbanka verið að leggja drög að stofnun félags til að halda utan um eign þessara aðila í Arcadia. Tryggvi segir að honum og Magnúsi hafi ekki verið kunnugt um þessar ráðagerðir Jóns Ásgeirs, Hreiðars

Más og Bjarna og því hafi hann haldið að þessi sala á 3,1 milljón hlutabréfum í Arcadia frá Baugi til Kaupthing Bank hafi farið fram.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi segir að oft séu færðar lokafærslur eftir endurskoðun og þetta fylgiskjal sýni vel hvað sé verið að færa.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/43.11.4 en um er að ræða „Share Transfer Agreement“ dags. 28. desember 2000 og undirritað af Tryggva Jónssyni f.h. Baugs hf. sem seljanda að 3.100.000 hluta í Arcadia og Magnúsi Guðmundssyni f.h. Kaupthing Bank sem kaupanda.

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þetta skjal.

Tryggvi kveðst kannast við skjalið.

Tryggvi er spurður hvers vegna skjalið hafi ekki verið á meðal gagna í bókhaldi félagsins eða vísað til þess í fylgiskjali með færslunni.

Tryggvi segir að hann geri ráð fyrir að endurskoðendurnir hafi haft þetta skjal og það hafi fylgt með lokafærsluskjalinu en hann kveðst ekki geta sagt til um hvers vegna það hafi ekki verið í bókhaldinu.

Tryggva er kynnt að skjal málsins nr. II/43.11.4 hafi verið á meðal gagna í endurskoðunarmöppu endurskoðenda Baugs.

**Færsla nr. T000630 dags. 02.02.2001 með texta: „Sala á Arcadia hlutabréfum“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
B 720	Íslandsbanki hf.	332.010,00	
B 720	Íslandsbanki hf.	331.677.990,00	
V560882-0419	Kaupþing		332.010.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, ódagsettu og óundirrituðu, með skýringunni „Sala á Arcadia hlutabréfum“, auk afrits af bankayfirliti Baugs hf. sem sýnir innborgun á reikning hlutafélagsins, hinn 01.02.2001, að sömu fjárhæð. (skjal málsins nr. II/44.2.8)

Skjalið (II/44.2.8) er nú borið undir Tryggva og hann spurður hvort hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi kveðst ekki kannast við skjalið né vita hver hafi útbúið það.

Tryggvi er beðinn um að skýra þessa færslu.

Tryggvi kveðst að hann geti ekki gert frekari grein fyrir þessari færslu en fram komi á skjalinu þ.e. að um sé að ræða greiðslu frá Kaupthing Bank vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia af Baugi.

Tryggvi er spurður hvort hann telji skjalið fullnægjandi fylgiskjal, samkvæmt bókhaldslögum, til að byggja færsluna á.

Tryggvi kveðst enga sérstaka skoðun hafa á því.

**Færsla nr. L1073 dags. 11.05.2001 með texta: „Stofnhlutafé í A-Holding“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 65193	Hlutafé, A-Holding	544.050.000,00	
V560882-0419	Kaupþing		544.050.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, dags. 27.06.2001, merkt „Jóhanna“, með skýringunni:

„1. Baugur selur K. Lúx. 3,1 m x 0,85 x 126 = 332 mills.

2. Baugur kaupir aftur 3,1 m bréf x 135 x 130 = 544 mills. K. Lúx lánar.

27/6 TJ og Magnús útvega skuldabréf til 5 ára með 4 afb. útg.dagur 30/6 með áföllnum vöxtum. Bókast sem stofnframlag Baugs hf. í A-Holding (Hlutafé)“.

Fyrir Tryggva er lagt fylgiskjalið (skjal málsins nr. II/45.2.9) og hann spurður hvort hann kannist við skjalið og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi segir að hann minnist þess ekki að hafa séð skjalið áður né vita hver hafi útbúið það.

Undir Tryggva er borið skjal málsins nr. II/43.11.5 en um er að ræða „Share Transfer Agreement“ dags. 15. febrúar 2001 og undirritað af Magnúsi Guðmundssyni f.h. Kaupthing Bank sem seljanda að 3.100.000 hluta í Arcadia og Tryggva Jónssyni f.h. Baugs hf. sem kaupanda.

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þetta skjal.

Tryggvi segir að hann muni ekki sér taklega eftir skjalinu en kveðst þekkja undirskrift sína á skjalinu.

Tryggvi er spurður hvers vegna skjalið hafi ekki verið á meðal gagna í bókhaldi félagsins eða vísað til þess í fylgiskjali með færslunni.

Tryggvi kveðst ekki geta sagt til um það.

Tryggvi er spurður hvort hann muni hvenær samningarnir, annars vegar um sölu Baugs og hins vegar um kaup Baugs á 3,1 milljónum hluta í Arcadia, hafi verið gerðir og undirritaðir.

Tryggvi segir að hann muni það ekki en segir að honum finnist ekki ólíklegt að samningarnir, hvor um sig, hafi verið gerðir nálægt þeim dagsetningum sem á þeim eru.

**Færsla nr. I00743 dags. 30.06.2001 með texta „Lokaf. Bakf. skuld við Kaupþing.“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V Holding	Baugur Holding S.A.		544.000.000,00
V560882-0419	Kaupþing	544.000.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærsluskjali frá endurskoðunarstofu hlutafélagsins, dags. 27.09.2001, með skýringartextanum „Bakfærð skuld við Kaupþing (skuldfæririst í bókhaldi B-Holding)“.

Lokafærsluskjalið (II/44.2.11) er nú borið undir Tryggva og hann spurður hvort að hann kannist við það og hvort hann viti hver hafi útbúið það.

Tryggvi kveðst ekki hafa séð þetta skjal áður.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram:

*„Undir lok ársins 2000 átti Baugur 3,1 milljón hluti í breska verslunarfélaginu Arcadia. Kaup hlutanna höfðu verið fjármögnum af Íslandsbanka-FBA og átti sá banki veð i þeim. Að sögn Tryggva Jónssonar varð að samkomulagi milli hans f.h. Baugs og Magnúsar Guðmundssonar, bankastjóra, f.h. Kaupthing Bank, að selja bankanum hlutinn í fjármögnunarskyni á markaðverði, eða GBP 0,85, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 8]. Baugur átti að selja hlutabréf sín í Arcadia gegn greiðslu frá bankanum og leggja þau síðan inn á vörslureikning Baugs þar sem þau yrðu höfð til tryggingar kröfum bankans. Vísað er í vörslureikninginn í 1. tölulið hér að framan. Í opnunarskjali hans, undirrituðu af Tryggva Jónssyni. f.h. Baugs 14. október 1998, segir, að reikningurinn sé í nafni Kaupthing Bank. Bankinn hafði skv. ákvæðum hans heimild til að selja og kaupa verðbréf og jafnframt kemur þar fram, að öll verðmæti á honum séu að handveði til tryggingar öllum kröfum bankans. Að sögn Tryggva Jónssonar var vörslusamningurinn gerður á grundvelli samstarfssamnings allra þáverandi hluthafa, sbr. fskj. 1. Í byrjun febrúar 2001 borgaði bankinn söluandvirði brésanna, 332 milljónir króna, GBP 2.635.000, inn á vörslureikninginn. Þeir fjármunir runnu til Íslandsbanka-FBA [fskj. 9] og átti i kjölfarið að létta veðböndum af bréfunum, en það gekk seint og illa að sögn Tryggva Jónssonar, sem hafði með höndum það verk að hálfu Baugs. Bréfin átti að leggja veðbandslaus inn á vörslureikninginn til tryggingar á fjármögnun hlutabréfanna, eins og áður getur.*

*Framangreint átti sér stað um líkt leyti og sú hugmynd vaknar í viðræðum Jón Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka-FBA, og Hreiðars Más Sigurðssonar, aðstoðarforstjóra Kaupthings, að stofna félagið A-Holding S.A., færa til þess hluti í Arcadia í eigu Baugs og Gaums, fjölga hluthöfum og kaupa fimm tung alls hlutafjár í Arcadia. Markmiðið var, að skapa skilyrði fyrir Baug til að eignast 20% hlut og gera Arcadia pannig að hlutdeildarfélagi Baugs. Nánari umfjöllun er um A-Holding í 4. tölulið hér að neðan.*

*Þeir Tryggvi og Magnús virðast ekki hafa verið hafðir með í ráðum þegar útfærsla á fjármögnun A-Holding var á teiknibordinu. Salan á hlut Baugs í Arcadia var bókfærð hjá Baugi eins og áður greinir og samkvæmt bókhaldi félagsins var hluturinn keyptur aftur af Kaupthing Bank, eftir að ákveðið var að stofna A-Holding og leggja bréfin veðbandalaus inn í það félag. Kaupin fóru fram á markaðsverði miðað við 15. febrúar 2001, eða GBP 1,35, alls GBP 4.185.000, sem svarar til 544 milljóna króna, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 10], en það gengi er í samræmi við viðskipti annarra hluthafa A-Holding um stofnun þess félags um líkt leyti. Skýrist haekkunin úr 332 í 544 milljónir króna af breytingum á gengi hlutafjár í Arcadia. Likt og áður segir gat Baugur ekki afhent bréfin í Arcadia þar sem veðböndum hafði ekki verið aflétt. Viðskiptin gengu því til baka með gerð greinds kaupsamnings. Engin greiðsla var innt af hendi vegna kaupanna.*

*Niðurstaðan var því sú, að Kaupthing Bank lánaði Baugi 332 milljónir króna vegna hlutabréfanna í Arcadia, en án sérstakrar tryggingar þar sem bréfin voru lögð til A-Holding á 544 milljónir króna, sem stofnframlag Baugs, en fóru ekki inn á vörslureikninginn.*

*Skuldin við Kaupthing Bank varð eftir í bókum félagsins. Baugur tók á hinn bóginn lán 28. desember 2001 hjá Kauppingi hf, Reykjavík, að fjárhæð USD 20.239.779 og ráðstafaði af því láni USD 5.000.000 [fskj. 11] inn á vörslureikninginn hjá Kaupthing Bank til endurfjármögnunar á hlutafjárkaupunum í Arcadia og greiddi þannig skuldina gagnvart Kaupthing Bank að fullu. Miðað við engi gjaldmiðla á þessum tíma svara USD 5.000.000 til GBP 3.429.390, en skuld Baugs við Kaupthing Bank vegna þessara viðskipta var í GBP. Þá var það ekki fyrr en við afstemmingu á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank, sbr. 2. tölvilið hér að framan, að starfsmenn og endurskoðendur fengu um það vitneskju, að viðskiptin með hlutabréf í Arcadia höfðu gengið til baka á árinu 2001. Umrædd viðskipti hafa verið bakfærð í bókhaldi Baugs [fskj. 12]. Sú bakfærsla hefur hins vegar engin áhrif á fjárhagsstöðu Baugs þar sem um var að ræða viðskipti innan samstæðunnar. Í ljós alls framangreinds liggur fyrir skv. bókum félagsins, að verðmætum vegna hlutabréfanna í Arcadia var aldrei ráðstafað út úr samstæðu Baugs fyrr en með endanlegri sölu þeirra haustið 2002.“*

Tryggvi er spurður hvort hann geti staðfest þessar skýringar Hreins Loftssonar og rétt sé til Tryggva vitnað í framangreindum texta Hreins. Tryggvi er enn fremur spurður hvort hann hafi einhverju við skýringar Hreins að bæta.

Tryggvi segir fyrst vilja benda á að hann hafi lagt þann skilning í málið að bréf Baugs í Arcadia yrðu sold til Kaupthing Bank og Baugur myndi við það ekki eiga nein hlutabréf í Arcadia. Tryggvi segir að í tilvitnuðum texta Hreins komi fram að selja hafi átt bréfin í Arcadia til Kaupthing Bank og leggja þau síðan inn á vörslureikning félagsins hjá Kaupthing Bank en skilningur Tryggva hafi verið sá að andvirði sölu bréfanna yrði lagt inn á vörslureikninginn.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir samtali því við Hrein sem hann vitnar til í textanum en kveðst ekki gera neinar athugasemdir við þessar skýringar.

Tryggva er kynnt að Magnús Guðmundsson forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg hafi komið til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg þann 15. apríl 2005 (skjal málsins nr. IV/48.4).

Tryggva er kynntur eftirfarandi texti úr framburði Magnúsar:

*„Magnús segir að hugmyndin hafi verið sú að fjármagna hlutabréfakaup Baugs í Arcadia. Hlutabréfin sem KL ætlaði að fjármagna voru veðsett í Íslandsbanka, og hugmyndin var því sú að KL myndi kaupa bréfin fyrir hönd Baugs til þess að geta fengið bréfin að veði gegn láni til Baugs fyrir kaupverðinu. Magnús segist hafa útvegað Baugi yfirdráttarheimild á reikningi Baugs í KL, upp á rúmar 300 milljónir. Þetta hafi verið hugmyndin að baki þessu, þannig ætlaði Baugur að eignast bréfin og kaupa þau með láni frá KL sem tryggt væri með veði í bréfunum sjálfum. Magnús segir að það sem gerst hafi var að Magnús fékk aldrei bréfin afhent frá Íslandsbanka og því í hans huga hafi viðskiptin ekki átt sér stað, en lánið, þ.e. yfirdráttarheimildin, hafi verið veitt.“*

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Tryggvi segir að þessi lýsing Magnúsar sé ekki í takt við hans skilning á viðskiptum á milli Baugs og Kaupthing Bank með hlutabréf í Arcadia. Tryggvi segir að hafi ekki annað vakað fyrir honum en að skuldbreyta láni vegna hlutabréfanna í Arcadia hafi ekki verið nauðsynlegt að fára bréfin til Luxembourg. Tryggvi segir að það breyti ekki eignastöðu varðandi hlutabréfin hver fjármagni kaupin. Hins vegar breyti það eignastöðunni að selja bréfin.

Kl. 15:05 er gert stutt hlé á yfirheyrsunni.

Kl. 15:10 er yfirheyrslu framhaldið.

Fyrir Tryggva er nú lögð samantekt rannsóknara sem gerð var eftir skoðun á tölvu Tryggva sem hald var lagt á við húsleit löggreglu í höfuðstöðvum Baugs 28. ágúst 2002 (skjal málsins nr. II/44.1).

Tölvupóstur frá Tryggva Jónssyni til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 20.1. 2001. Subject. Arcadia.

"Sæll félagi.

*Til að staðfesta það sem ég sagði við þig í símann um daginn þá framlengdi ég lárinu lengur í Íslandsbanka en við töludum um, eða til 1. febrúar n.k. Þá þarftu að leysa til þín 3,1 millj. bréf. Skuldin við Íslandsbanka er um 1,4 millj. pund, sem er um 0,452 pund á bréf. Við seljum þér bréfin pr. 29. des. á genginu 0,85 og kaupum þau aftur fljótlega í janúar (þ.e. Baugur Holding) á genginu 1,10.. Miðað við gengið 1,46 (eins og síðustu upplýsingar benda til að gengið fari í) er verðmæti bréfanna um 4,5 millj. pund. Ágætis arðsemi þar!*

*Kveðja Tryggvi"*

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir honum.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins.

Tryggvi segir að þegar hann hafi skrifat þennan póst hafi hann staðið í þeirri meiningu að salan til Kaupthing Bank hafi farið fram. Tryggvi segir að á þessum tíma hafi hann verið búinn að fá einhverjar upplýsingar um að til stæði að stofna eignarhaldsfélag um hluti í Arcadia. Tryggvi segir að illa hafi gengið að afléttu veði Íslandsbanka af hlutabréfunum í Íslandsbanka og þess vegna hafi hann framlengt lánum hjá bankanum. Tryggvi segir að verið geti að Íslandsbanki hafi haft veð í Arcadia-bréfunum fyrir öllum yfirdrætti Baugs, eða endursjármagnað þau með erlendum banka, og því hafi ekki verið nægjanlegt að greiða aðeins lán vegna kaupa á bréfunum.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi þann 20. janúar 2001 verið að leggja upp með sölu aftur í tímann, þ.e. að Arcadia-bréfin væru sold Kaupthing Bank miðað við 29. desember 2000 og síðan keypt aftur.

Tryggvi segir að það hafi hann ekki verið að gera.

Tryggvi er spurður hvað hann eigi við í póstinum þegar hann segir: „Við vorum áður búnir að ræða hvað við gerum við mismuninn“.

Tryggvi segir að hann muni ekki hvað hann eigi við þarna.

Tryggvi er spurður hvort hann sé að minna Magnús á hvað þeir hafi ætlað að gera við mismun á söluverði dags. 29.12.2000 og kaupverði Baugs til baka, þ.e. mismunar á 332 milljónum og 544 milljónum.

Tryggvi segir að hann hafi ekki verið að vísa til þess mismunar heldur væntanlega til mismunar á söluverði og skuldinni við Íslandsbanka.

Tölvupóstur frá Tryggva Jónssyni til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 31.1. 2001. Subject. Arcadia.

„Í framhaldi af fundi okkar í Luxembourg fyrr i mánuðinu, og í framhaldi af samtali okkar fyrr í dag, sendi ég þér upplýsingar um stöðu Arcadia bréfanna, sem Kaupþing keypti af Baugi í lok síðasta árs.

Alls eru um 3.100.000 millj. bréf að ræða. Kaupverð er GBP 0,85 á hlut, eða samtals GBP 2.635.000.

Áhvílandi skuldir eru mun hærri en ég taldi eða GBP 2.465.937,88 (sem svarar til 308.242.235,53 ísl. kr. á genginu 125,00). Skuldir þessar eru fyrst og fremst við Íslandsbanka FBA hf., nema GBP 319.171,42 (39.896.427,63 kr.) sem eru við Kaupþing. Skuldirnar eru allar á gjalddaga á morgun og því liggar á greiðslu. Munurinn á 2.635.000 (kaupverð) og 2.465.937,88 (áhvílandi skuldir) leggjast inn á bankareikning sem stofnaður yrði í nafni Baugs. Vinsamlega sendu þessa greiðslu (í pundum) til Baugs á morgun svo við getum gert upp skuldirnar. .... Söluverð á þessum bréfum í A-hold yrði síðan GBP 1,35 eða samtals 4.185.000. Mismunur kaupverðs og söluverðs er því tæpar 200 mills.

Kveðja Tryggvi“

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir honum.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins.

Tryggvi segir efni póstsins skýri sig sjálft. Tryggvi segir að hann hafi alltaf litið þannig á að salan til Kaupthing Bank og stofnun A-Holding væru tvenn aðskilin viðskipti. Tryggvi segir að þegar hann skrifi þennan póst hafi hann enn staðið í þeiri meiningu að Kaupthing Bank hafi keypt hlutabréf í Arcadia af Baug þann 29. 12. 2000. Tryggvi segir aðspurður að hann sé að rukka Kaupthing Bank um söluverðið vegna kaupa bankans á Arcadia bréfunum þann 29. 12. 2000 og sú greiðsla hafi borist Baugi 2.2. 2001.

Tryggvi er spurður hvaða mismun kaupverðs og söluverðs hann sé að ræða síðast í póstinum.

Tryggvi segir að framan af hafi hann ekki vitað annað en að sala Baugs á hlutabréfum í Arcadia hefði gengið eftir. Tryggvi segir að samkomulag hafi náðst á milli Jóns Ásgeirs og Hreiðars Máss þess efnis að salan frá 29.12.2000 gengi ekki eftir og til þess mismunar kaupverðs og söluverðs sé hann að vísa.

Tryggvi er spurður um ástæðu þess að hann hafi verið að rukka Kaupthing Bank um greiðslur þegar honum hafi verið ljóst að samkomulag hafi náðst á milli Baugs og Kaupþings þess efnis að salan frá 29.12.2000 gengi ekki eftir.

Tryggvi segir að til hafi staðið að Kaupthing Bank myndi selja Baugi bréfin aftur á sama verði og bankinn keypti á þann 29.12. 2000 þar sem bankinn hafi líklega verið búinn að færa kaupin í bækur sínar og tilkynna til hlutaskrár Arcadia að þeir væru eigendur 3,1 milljóna hluta í félagini.

Tryggvi er spurður hvenær hann hafi fengið upplýsingar um samkomulag Jóns Ásgeirs og Hreiðars Máss.

Tryggvi segir að hann muni það ekki vel en telur að það geti hafa verið um líkt leyti og hann skrifar póstinn. Tryggvi bendir á klausu í pósti hans dags. 26. janúar 2001 þar sem hann beinir

því til Jóns Ásgeirs hvort hann sé ekki sá eini sem hafi heildarmynd varðandi stofnun A-Holding og skuldamál henni tengd.

Tölvupóstur frá Tryggva Jónssyni til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 21.3. 2001.

„OK.

Hvað eignum við marga hluti í A Holding? Hvað er meðalkaupverð þangað inn (þú manst að við „seldum“ þér á 0,85 og þú seldir síðan til Baugur Holding á 1,35 (minnir mig) og Baugur Holding lagði það síðan inn í A Holding).

Pegar þetta liggur fyrir þá getum við séð hvað við seljum Vori stóran hlut af okkar hlut í A Holding. Hann kaupir sem svarar 980.000 hlutum í Arcadia á 1,63 = 1.597.400 pund = 199,7 millj. ísl. kr. miðað við gengið 125,00.

Vonandi kemur þetta boltanum af stað. TJ“

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi kveðst ekki muna sérstaklega eftir póstinum en sjá undirskrift sína.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins.

Tryggvi segir að Baugur hafi selt Kaupthingi bréf í Arcadia þann 29.12. 2000 sem síðan hafi gengið til baka eða bréfin verið keypt aftur á sama verði vegna samkomulags Jóns Ásgeirs og Hreiðars Máss. Tryggvi segir að við þetta samkomulag hafi salan frá 29.12. 2000 orðið að sölu formsins vegna og þess vegna hafi hann vísað til sölunnar með því að hafa seldum innan gæsalappa.

Tölvupóstssamskipti á milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, dags. 3.8. 2001.  
Subject: Re: Jólagafir til starfsmanna.

„Skuldir hjá Magga í lux hvernig eru þær tilkomnar kemur á óvart hve upphæðin er há bendi á að ef þær eru fyrir utan það sem við höfum látið ísb vita um þá gætum við verið í slæmum málun. Einnig tók eftir að þegar Option í Baugi var færð yfir á mig þá var ekki færðar skuldir á móti hvernig stendur á því. Geri mér grein fyrir að þetta eru sósu mál hjá magga en þætti betra að hafa yfirsýn hvað stendur á bak við þetta.

Jón Ásgeir“

og

„Ég er með skuldina afstemmda. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna Arcadia (3.100.000 hlutir á gengju 1,35 – síðan eignum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna). Skuldin er því vegna Arcadia 585,9 millj. kr (3,1 millj. bréf x 1,35 x 140). Inneign á móti eru rúmar 200 millj. kr. (3,1 millj. bréf x (1,35-0,85) x 140). Þær fara upp í ýmsar syndir, þegar þetta verður greitt, m.a. vegna ÓM. Við getum farið yfir stöðuna í detail þegar þér hentar.

Hvenær var option færð yfir á þig?

Tryggvi.“

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi kveðst ekki muna sérstaklega eftir póstinum en sjá undirskrift sína.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni þessara póstssamskipta.

Tryggvi segir að eins og fram komi í póstinum komi það Jóni Ásgeiri á óvart hve háar skuldir Baugs séu við Kaupthing Bank í Luxembourg og hann svari honum með því að hann sé með skuldina afstemmda.

Tryggvi er spurður hvað hann eigi við með textanum: „— *síðan eigum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna*“.

Tryggvi segir að það sem hann eigi við sé að á þessum tíma hafi aðeins verið búið að tekjufæra hjá Baugi miðað við sölu á genginu 0,85 og því hafi verið eftir að tekjufæra í bókhaldinu mismuninn á 1,35 og 0,85. Einnig hafi átt eftir að gjaldfæra „optionir“. Aðspurður um hvaða „optionir“ hann sé að tala um segir Tryggvi að um sé að ræða hlutabréfavilhanir sem hann hafi talið að ætti að telja ætti fram þegar þeir fjármunir væru teknir til Íslands og það hafi hann gert.

Tryggvi er spurður hvaða lán að fjárhæð kr. 585,9 milljónir hann sé að vísa til í ofangreindum pósti.

Tryggvi segir að hann sé að reyna að útskýra fyrir Jóni Ásgeiri með einföldum hætti stöðuna á vörschureikningnum en ekki hvernig hann hafi litið á skuld við Kaupthing Bank. Tryggvi segir að hann hafi hugsað skuldina miðað við kaup til baka á hlutabréfunum í Arcadia á genginu 1,35 enda hafi það verið gengi sem bréfin voru færð á inn í A-Holding og síðan hafi mismunur kaupverðs og söluverðs, þ.e. 1,35 og 0,85 verið skuldinni til frádráttar. Tryggvi segir að þessi færsla hafi áreiðanlega ekki verið með þessum hætti hjá Kaupthing Bank.

Tölvupóstssamskipti á milli Önnu Þórðardóttur, Tryggva Jónssonar og Jóhönnu Waagfjörð, dags. 8. – 11. 3. 2002, cc. Magnús Guðmundsson. Subject: Re: Kaupþing Lux - arður Arcadia.

„Sæl verið þið. Þið sjáið svör mín fyrir aftan hvern punkt. Með kveðju Tryggvi.

Sæll Tryggvi,

Það er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 máð. uppgjörið verður klárað.

Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningnum? [Tryggvi Jónsson] Við seldum bréfin til Kaupþing í lok 2000, það er rétt. Í janúar 2001 var síðan tekin ákvörðun um A Holding og þá var sami fjöldi bréfa keyptur til baka, en í millitiðinni hafði gengið hækkað. Eins og þú þekkir þá sá Jón Ásgeir alveg um A Holding pakkann. Hvort hann er með samming í sínum fórum veit ég ekki, en dreg mjög í efá. Líklega tengast þessi bréf ekki neitt Íslandsbanka.

Í des. sl. gerði Baugur hf. lánnsamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áðurnefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því. [Tryggvi Jónsson] Já, þessi skuld tengist A Holding, en síðan voru örugglega nokkur fleiri mál, þ.e. fjárfestingar, sem Lux lagði út fyrir og verið var að ganga frá. Eins og ég sagði þér um daginn ætla ég að fara til Lux við fyrsta tækifæri og fá botn í þessa flækju í eitt skipti fyrir öll.

Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf.? [Tryggvi Jónsson] Góð spurning. Upphaflegt lán vegna Bonus Stores er raunar í gegnum Nebrasco, dótturfélag Baugur Holding, en á því hefur orðið breyting. Skipta átti Bonus Stores fjáfestingunni í tvennt (þ.e. ordinary shares og preferred shares). Eggert var með það á sinni könnu að finna út hvar við ætluðum að hafa þessareignir staðsettar, þ.e. hvar átti að mynda söluhagnað (preferred shares verða að tvöföldum ordinary shares á næstu árum og helmingurinn síðan seldur) og hvar átti að hafa bréf staðsett sem skila arðgreiðslum. Við höfum rætt Lux, Ísland og Holland en ekkert ákveðið hefur enn komið út úr þessu. Þetta er líka eitt af því sem verður til umfjöllunar þegar við Mangús hittumst.

Kveðja, Anna Kveðja Tryggvi“

Tölvupóstssamskipti á milli Önnu Þórðardóttur og Tryggva Jónssonar, dags. 14.5. 2002, cc. Jón Ásgeir Jóhannesson, Stefán Hilmarsson og Jóhanna Waagfjörð. Subject: Re: A Holding SA.

„Sæll Tryggvi,

Ég er að vinna í því að stilla upp uppgjörum fyrir A og Baug Holding og Nebrasco. Á sl. mánudag fór ég yfir minnisblaðið með Jóhönnu vega A og Baugs Holding en ég hafði látið þig hafa minnisblaðið í byrjun apríl. Jóhanna mun ganga frá þeim málum sem hún þekkir til.

En það eru tvö mál sem þarf að fá botn í. Skv. minnisblaði frá Lindu seldi Baugur hf. til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia Group á genginu 0,85 og nam söluverðið 2.635.000 GBP eða 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða 544 millj. kr. við höfum engin fylgiskjöl um málið. Þetta er óbókað hjá þeim í Lux hjá A Holding. Baugur hf. tók 20.239.779 USD lán hjá Kaupþingi þann 28.12.2001 og voru 5.000.000 USD greiddar til Kaupthing Lux. Ekki liggur fyrir hvað var verið að greiða þeim. Hver getur gert grein fyrir þessum málum?

Kveðja

Anna

Sæl.

Ég skal skoða þessar 5 millj. dollara, en 1 millj. af þeim var vegna Urð, Verðand, Skuld. Sjá sérstakan póst frá Jóhönnu sem ég sendi afrit á því. Ég ræddi við Magnús í Lux í dag og vonandi er restin að skýrast.

Hvað varðar bréfin í Arcadia þá var ég búinn að senda Stefáni skýringu á því. Í stuttu máli er það þannig:

Á árinu 2000 keypti Baugur í Arcadia þessa 3.100.000 hluti. Kaupin voru fjármögnum með framvirkum samningi í Íslandsbanka. Þegar kom að því að greiða hann var ákvæðið að selja hlutinn. Kaupþing keypti og gerði upp skuldina og við fengum hagnað í okkar bækur.

Það var síðan ekki fyrr en seinni hluta janúar, eftir að Jón Ásgeir, Bjarni Ármanns og Hreiðar höfðu pælt í málínun, að ákvæðið var að ráðast aftur í Arcadia bisnessinn. Í lok janúar var A Holding stofnað. Í samningnum var gert ráð fyrir að við legðum fram sem stofnlutafé það sem við höfðum átt í Arcadia. Gallinn var sá að við vorum búnir að selja og þurftum því að kaupa aftur. Í millitíðinni hafði gengið hækkað.

“Réttu” færslan hefði því átt að vera síða að Baugur kaupir þessi bréf og leggur þau inn í A Holding. Hér kemur (óstaðfest) væntanlega skyring á \$5 millj. skuldinni að einhverju leyti.

Kveðja

Tryggvi

Af hverjum keyptuð þið aftur Arcadia bréfin? Hvernig voru þau greidd? Eru til samningar um þessi mál?

Kveðja

Anna

Ég er ekki klár á því. Þetta var eitthvað sem (að ég held) Bjarni Ármanns og Jón Ásgeir gengu frá. Kaupþing Lux veit þetta betur (út frá því hverjur eru vörluaðilar þessara bréfa), en ég held égi fullyrða að við höfum keypt í gegnum Íslandsbanka. Þeir hafa síðan væntanlega keypt þetta á markaði af mörgum aðilum.

Kveðja Tryggvi

Við höfum ekki séð gögn í bókhaldi Baugs hver sé kröfuhafinn vegna kaupanna en á minnisblaði Lindu er talað um Kaupthing Lux. Þess vegna datt mér í hug að þetta tengdist þessum 5.000.000 USD.

Mikið væri það dj.. gott að fá einhver skjöl um málið.

Kveðja

Anna

Reynum aftur:

1. Haustið 2000 kaupir Baugur 3.100.000 bréf í Arcadia í gegnum Íslandsbanka. Fjármagnað með framvirkum samningi sem gildir fram í desember 2000. Kaupverðið líklega að meðaltati um 0,45 pund. Einhvers staðar hlýtur að vera til pappír um þetta a.m.k í bankanum.

2. Í lok desember seljum við Kaupþing Lux. þessi bréf. Þeir greiða upp framvirka samninginn við Íslandsbanka. Söluverð er 0,85 pund þannig að hagnaður var umtalsverður. Þar sem samningurinn var í Íslandsbanka voru bréfin væntanlega á nafni þess banka. Pappírar eru því væntanlega til hjá bönkunum.

3. Í lok janúar 2001 kaupum við sama magn af bréfum af Kaupþingi og leggjum þau inn í A Holding.

Og hana nú.

Tryggvi“

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þessi póstsamskipti.

Tryggvi segir að hann rámi í þau og sjái að nafn hans sé undirskrifað.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni þessara póstsamskipta.

Tryggvi segir að hann geti ekki skýrt efni þessara samskipta umfram það sem fram kemur í þeim.

Tryggva er kynnt að svo virðist á tölvupóstsamskiptum Önnu og Tryggva að Anna hafi verið að leita upplýsinga um ofangreind viðskipti með hlutabréf í Arcadia og Tryggvi hafi ítrekað staðfest það við hana að Baugur hafi selt 3.100.000 hlutabréfa í Arcadia til Kaupthing Bank Luxembourg 29. desember 2000 og síðan keypt sömu bréf af Kaupthing Bank Luxembourg í lok janúar 2001.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Tryggvi segir að eins og hann hafi ítrekað sagt við þessa yfirheyrslu hafi hann litið þannig á að form viðskiptanna væri sala og kaup hlutabréfa í Arcadia og það hafi hann verið að segja Önnu. Tryggvi segir að hann hafi litið svo á að það hafi þurft að fára í bókhald Baugs sem um sölu og kaup hafi verið að ræða og það hafi hann verið að segja Önnu.

Tryggvi segir að það megi sjá víða í þessum póstsamskiptum að hann hafi ekki sjálfur verið klár á öllum endum þessara viðskipta með bréf í A-Holding.

Tölvupóstur frá Tryggva Jónssyni til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 1.5. 2002.

“.....Að visu skil ég ekki eitt í þessu “uppi og niðri” dóti. Í árslok 2000 keypti Kaupþing bréfin í Arcadia og seldi aftur skömmu síðar með vænum hagnaði. Í árslok 2001 var gengið frá stóru láni hjá Kaupþingi, sem m.a. átti að gera upp allar skuldir. Eigum við ekki þá inni hjá þér? Spyr sá sem ekki veit, nema hann sé úr sveit. Síðast þegar Eggert var hérra þá tók hann saman spurningar og athugasemdir, ætlaði að vinna úr því með þér og senda mér. Þess vegna töldum við ekki ástæðu til að ég kæmi út til þín, eins og þú manst. Ég hef ekkeri heyrt meira um málid. Hvernig líður því?.....”

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann kannist ekki sérstaklega við póstinn en segir að hann sjái nafn sitt við hann.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins.

Tryggvi segir að hann hafi ekki skilið þessa skilgreiningu „uppi og niðri“, hún hafi verið frá Magnúsi komin en Tryggvi kveðst telja að hann hafi verið að vísa til móður- og dótturfélags. Tryggvi segir aðspurður um hagnað sem hann talar um í póstinum að Kaupþing hafi fengið vegna kaupa og sölu á bréfum í Arcadia að þar sé hann að vísa til hagnaðar sem Baugur fékk raunverulega vegna samkomulags Jóns Ásgeirs og Hreiðars Más og sá hagnaður hafi verið á vörslureikningi Baugs hjá Kaupthing Bank.

Tölvupóstur, ásamt viðhengi, frá Magnúsi Guðmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 10.5. 2002. Nafn viðhengis: roff sjodstreymi.xls

“Sæll Tryggvi

Fyrsta verk er að setja upp hvernig cash flowið var

Þetta er í raun til þess að sýna fram á það aðhvérju Baugur borgaði 5m USD til okkar, við þurfum síðan að stilla þessu upp með tilliti til þess hvað má vera upp og hvað ekki, eins eru einhverjar færslur sem tilheyra Baugi Holding. verð betra sambandi við þig eftir helgi,

til þess að dekka sumar færslur þá gerðum við Arcadia í gegnum mig en þar varð ekkert cash flow þó að við getum bókað hagnað, þá færrist skuld á móti,

øettum að gera klárað þetta í næstu viku

hvað ertu með skráð í bókhaldi Baugs á kaupthing lux?”

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann kannist ekki sérstaklega við póstinn en segir að hann sjái nafn sitt við hann.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni póstsins og viðhengisins.

Tryggvi segir að í póstinum á undan sé hann að vísa til þess að Baugur hafi tekið lán og greitt til Kaupthing Bank og því hafi hann talið að Baugur ætti inneign hjá Kaupthing Bank en ekki öfugt. Tryggvi segir að Magnús sé í þessum pósti að skýra fyrir honum ráðstöfun lánsins. Tryggvi segir aðspurður að í pósti Magnúsar komi fram að ekkert cash flow hafi orðið vegna Arcadia og sé þar að vísa til þess að Baugur hafi notið hagnaðar á mismuni á genginu 1,35 og 0,85.

Tölvupóstur, ásamt viðhengi, frá Magnúsi Guðmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 14.6. 2002. Nafn viðhengis: statement of interest with out...

„Sæll Tryggvi

...Sjá leiðr. Cash flow sem ég mun senda til Jóhönnu...“

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Tryggvi segir að hann kannist ekki sérstaklega við póstinn en segir að hann sjái nafn sitt við hann.

Tryggvi er beðinn um að skýra efni viðhengisins.

Tryggvi segir að um samskonar yfirlit sé að ræða en það síðara sé með samandregnum tölum.

Tryggvi er spurður hvort á seinna yfirlitinu séu einhverjar færslur sem ekki hafi mátt sjást í bókhaldi Baugs.

Tryggvi segir að svo sé ekki. Tryggvi segir aðspurður að verið geti að einhverjar færslur á fyrra viðhenginu hafi átt heima hjá dótturfélögum Baugs frekar en Baugi og því hafi það síðara verið sent til Jóhönnu.

Gert er hlé á yfirheyrslu kl. 17:14

Yfirheyrslu framhaldið kl. 17:26

Tryggva er kynnt að vegna rannsóknar málsins hafi efnahagsbrotadeild með bréfi dags. 18. maí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3) m.a. óskað upplýsinga um heimildir Baugs til ráðstöfunar á hlutum í Arcadia Plc. en fjármögnun þeirra hafði verið gerð með framvirkum láanasamningi við Íslandsbanka sem tryggður hafði verið með veði í hlutabréfunum.

Tryggva er kynnt að í svari Íslandsbanka dags. 9. júlí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3.1-II/44.3.9) komi fram: „Á tímabilinu 13.10.2000 til 01.02.2001, þ.e. að á meðan framvirkir samningar um hlutinn voru í gildi þá hafði Baugur hf. ekki heimild til að ráðstafa beinum eignarrétti yfir eignarhlutnum, án samþykkis Íslandsbanka – á þeim tíma var félaginu þó frjálst að ráðstafa hvers kyns óbeinum eignarrétti yfir bréfunum svo sem óinnleystum hagnaði enda brjóti slíkt ekki í bága við samninga félagsins við Íslandsbanka. Frá og með 01.02.2001 var Baugi hf. heimilt að ráðstafa réttindum yfir eignarhlutnum án samþykkis Íslandsbanka.“

Tryggvi er beðinn um að skýra sölu Baugs hf. á hlutabréfum í Arcadia í ljósi þess að Baugur hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar yfir beinum eignarrétti hlutabréfanna, án samþykkis Íslandsbanka, fyrr en 1. febrúar 2001.

Tryggvi segir að þetta sé í samræmi við það sem hann hafi sagt fyrr í yfirheyrslunni og að það hafi verið erfiðleikar að afléttu veðum af hlutabréfunum og þess vegna hafi þurft að framlengja lánum vegna þessa. Tryggvi bendir á að í bréfi Íslandsbanka sé tilgreint að bréfin hafi verið á reikningi Íslandsbanka hjá Merril Lynch og síðar Euroclear Bank S.A. og hafi verið afhent Kaupþingi í Luxembourg þann 11.4. 2002.

Tryggva er kynnt að RLS hafi óskað eftir upplýsingum frá KBbanka um lánasamning á milli Baugs hf. og KBbanka frá desember 2001. Með bréfi KBbanka dags. 3. júní 2004 (skjal málsins nr. II/36.5) fylgdi lánasamningur dags. 28. desember 2001 (skjals málsins nr. II/36.5.1).

Tryggva er bent á Viðauka 1 með lánasamningnum en þar kemur m.a. fram „Loks verði USD 5.000.000 greiddar til Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sem greiðsla á láni Baugs þar.“

Tryggvi er beðinn um að skýra hvaða lán hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A sé verið að greiða.

Tryggvi segir að búið sé að koma fram að um sé að ræða lán til greiðslu á láni sem tekið var hjá Kaupthing Bank í Luxembourg til fjárfestinga í Arcadia svo og annarra fjárfestinga.

Fyrir Tryggva er lagt skjal sem fylgdi greinargerð Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem er merkt “Baugur hf. 22. janúar 2003, færslur á bankareikningum Baugs hjá Kaupthing Lux. skv. upplýsingum frá Tryggva Jónssyni og Kaupthing Lux.” (skjal málsins nr. II/43.11.7). Tryggvi er spurður hvort hann kannist við skjalið.

Tryggvi segir að þetta skjal hafi hann ekki séð áður.

Tryggva er kynntur framburður Önnu Þórðardóttur hjá lögreglu 14. júní 2005 þegar hún var spurð um ofangreint skjal:

„Anna segist hafa útbúið þetta skjal á grundvelli skjals sem Tryggvi Jónsson útbjó og á bankayfirlitum frá Kaupthing Bank Luxembourg og staðfestingarskjölum.

Anna er spurð hvort að hún geti lagt skjalið fram sem hún segir að Tryggvi Jónsson hafi útbúið.

Anna segir að hún geti gert það og segist munu koma því til lögreglu.“

Fyrir Tryggva er lagt skjal sem Anna Þórðardóttir sendi RLS í dag, 15. júní 2005 sem hún vísar til í ofangreindum framburði sínum.

Tryggvi er beðinn um að staðfesta að það skjal sem lagt er fyrir hann sé frá honum komið.

Tryggvi segir að hann muni þetta ekki greinilega en segir að hann muni til þess að hafa hafið það verk að setja upp færslurnar þar sem stjórn Baugs hafi verið búin að ákveða að láta færa allar færslur vörlureikningsins í bókhald félagsins. Tryggvi segir að hann muni ekki hversu langt hann hafi unnið verkið.

Tryggvi var yfirheyrður hjá skattransóknarstjóra ríkisins (SRS) sem sakborningur 6. apríl 2004. Í þeiri yfirheyrslu var Tryggvi spurður um færslur skv. ofangreindu skjali sem fylgdi greinargerð Hreins Loftssonar. Fyrir Tryggva er lögð skýrsla hans hjá SRS dags. 6. apríl 2004 (fskj. 1.68-1.86). Tryggva er kynnt að fyrir hann verði lagðar nokkrar spurningar úr yfirheyrslu SRS svo og svör hans við þeim.  
- skýrsla skattransóknarstjóra vegna Baugs Group hf. dags. 27. júlí 2004, hefti III.

### Spurning nr. 37 bls. 3.

„Mætti er beðinn að gera grein fyrir þeim reikningum sem voru á fjárvörlureikningi Baugs Group hf. hjá Kauppingi Luxembourg? Einnig er mætti beðinn að gera grein fyrir reikningsyfirlitum vegna þeirra reikninga og hvaða aðili af hálfa Baugs Group hf. sá um afstemmingu á þeim reikningum?

Mætti segir að um hafi verið að ræða einn fjárvörlureikning. Síðan hafi Kaupping Luxembourg stofnað bankareikninga undir þessum vörslureikningi, eftir því sem þurfa þótti. Hafi það verið allnokkrir reikningar. Vörslureikningurinn hafi ekki verið formlega afstemmdur fyrr en á árinu 2002. Mætti segir að stjórnendur félagsins hafi hafjit vitneskju um að fjárvörlureikningur þessi hafi verið tiltölulega stöðugur og því ekki kallað á sérstakar afstemmingar af þeirra hálfa. Mætti segir að Baugur Group hf. hafi engin yfirlit fengið sjálfkrafa vegna þessara reikninga og ekki nema kallað hafi verið eftir slikum yfirlitum.“

Tryggvi er beðinn um að staðfesta ofangreindan framburð sinn hjá SRS og spurður hvort hann hafi einhverju við hann að bæta.

Tryggvi kveðst staðfesta þennan framburð og engu hafa við hann að bæta.

Undir Tryggva er borinn hluti úr framburði Magnúsar Guðmundssonar, forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg, í skýrslutöku hjá lögreglufirvöldum í Luxembourg 30.04.2004. (skjal málssins nr. IV/48.2.1)

„Senduð þér kvittanir vegna bankareiknings nr. 400017 til fyrirtækisins BAUGUR GROUP?“

„Já, í upphafi þessa viðskiptasambands sendi ég þær sjálfkrafa, en síðar gaf einn af æðstu stjórnendum (sennilega TRYGGVI) mér fyrirmæli um að geyma öll skrifleg gögn vegna þessa bankareiknings hjá bankanum.“

Tryggvi er spurður hvers vegna hann hafi óskað eftir því við Kaupthing Bank að fá ekki senda staðfestingar vegna þessa reiknings frá bankanum.

Tryggvi kveðst ekki muna til þess að hafa beðið um þetta.

Tryggvi er beðinn um að skýra færslur 3-5 á skjali II/43.11.7.

Tryggvi segir að þessar færslur séu til komna vegna sölu á hlutabréfum til æðstu stjórnenda Baugs skv. kaupréttarákvæðum starfssamninga þeirra.

### Spurning nr. 62, bls. 9.

„Bókunarblaðið dagsett 26. janúar 2003 er aftur lagt fyrir mætta. Mætti er beðinn að gera grein fyrir færslu nr. 8 með textanum „Investment advisory agreement“. Í skýrslutöku hjá skattransóknarstóra ríkisins þann 30. mars 2004 kom eftirfarandi fram

*hjá Auðbjörgu Friðgeirsdóttur varðandi færsluna: „Mætta segir að á fylgiskjalinu bak við þessa færslu sé vísað sé til samnings frá 1. apríl 1999. Mætta segist verða að vísa til Tryggva Jónssonar til skýringa á þessari færslu.“*

*Mætti segir að um sé að ræða greiðslu á lið nr. 5, skammtimaláni.“*

Tryggvi er beðinn um að staðfesta ofangreindan framburð sinn hjá SRS og spurður hvort hann hafi einhverju við hann að bæta.

Tryggvi kveðst staðfesta þennan framburð og engu hafa við hann að bæta.

Tryggvi er beðinn um að skýra nánar færslu nr. 8.

Tryggvi segir að verið sé að greiða lán (zero bonds) sbr. færslu nr. 5. Tryggvi segir að hann geti ekki skýrt textann.

#### **Spurning nr. 66. bls. 10.**

*„Bókunarblaðið dagsett 26. janúar 2003 er aftur lagt fyrir mætta. Mætti er beðinn að gera grein fyrir færslu nr. 22 með textanum „Gr. til Baugs (527-26-720) – 1.2.2001“, „Viðsk. færa á Baug Holding S.A. “ Um er að ræða kr. 332.010.000?“*

*Mætti segir að væntanlega sé um að ræða lán til Baugs Holding í gegnum Kaupthing Luxembourg. Væntanlega tengist þetta kaupum á hlutabréfum í Arcadia.“*

Tryggvi er beðinn um að staðfesta ofangreindan framburð sinn hjá SRS og spurður hvort hann hafi einhverju við hann að bæta.

Tryggvi kveðst staðfesta þennan framburð og engu hafa við hann að bæta.

Tryggvi er beðinn um að skýra þessa færslu nánar.

Tryggvi segir að þarna sé um að ræða greiðslu frá Kaupthing Bank vegna hlutabréfa í Arcadia sem upphaflega hafi staðið til að Kaupthing myndi kaupa af Baugi en hann hafi síðar fengið upplýsingar um að hafi raunverulega verið endurfjármögnun Kaupthing Bank vegna kaupa Baugs á hlutabréfum í Arcadia á árinu 2000.

Fyrir Tryggva er nú lagt excel-skjal með fyrirsogninni „Leiðréttigar sem gerðar voru í bókhaldi Baugs í janúar 2003 og hvernig þær heimfærast í rekstrarreikningi Baugs árin 1999-2001.“ Um er að ræða niðurstöðu efnahagsbrotadeildar á áhrifum leiðréttinganna á rekstrarreikning Baugs skipt niður á rekstrarárin 1999-2001 (28.02.2002).

Tryggvi er spurður hvort hann vilji tjá sig um þessar niðurstöður sem fyrir hann eru lagðar.

Tryggvi segir að þar sem hann sé að sjá þetta í fyrsta skipti geti hann því lítið tjáð sig um þetta skjal. Tryggvi segir að ef skjalið eigi að sýna raunstöðu á hverjum tíma sýnist honum, í fljótu bragði, sem vanti í skjalið mismun markaðsverðs og bókfærðs verðs hlutabréfa félaga sem skráð voru á markaði og geymd voru á vörlureikningnum. Tryggvi segir að mestu leyti sé um að ræða bréf í Baugi.

Tryggva er nú kynnt að rannsóknarar hafi lokið yfirheyrslu.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum vegna þess sakarefnis sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.


Tryggvi kveður svo ekki vera.

Skyrslutöku lokið kl. 18:45

Upplesið staðfest rétt eftir haft,

  
Tryggvi Jónsson

Skyrsluna skráði,

  
Grímur Grímsson

Páttakandi í yfirheyrslu,

  
Aldís Hilmarsdóttir

Viðstaddir yfirheyrslu,

  
Andri Árnason, hrl.

**Leiðréttigar sem gerðar voru í bókhaldi Baugs í janúar 2003 og hvernig þær heimfærast í rekstrareikningi Baugs árin 1999-2001.**  
**Kostnaður skv. fskj. BB02-00070 hefur verið hlutfallaður niður eftir árum, sem ekki er sýnt í leiðréttigarþáði.**

Leiðrétt þr.	Leiðréttigar fylgiskjal BG	Nr. reikn. í bókhaldi bókhaldi Baugs	Heiti reikningslykils í 31.12.1999	Leiðréttur (kostnaður) eftir tímabilum 31.12.2000	Leiðréttur (kostnaður) eftir tímabilum 31.12.2000	Leiðréttur (kostnaður) eftir tímabilum 28.02.2002
26.01.2003	BB02-00070	39302	Kostnaður Fjármagnskostnaður	(3.418.000) 0	(24.202.413) (26.399.244)	(13.755.000) (152.372.137)
26.01.2003	BB02-00070	52255	Fjármagnskostnaður	(3.418.000)	520.949	16.378.243
					(50.080.708)	(149.748.894)
28.02.2003	SÁ00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kþ. Lux	(25.000.000)		Lr. L0565 - dags. 30.04.00 - Tekj. vábryrgða á hlutabréf
28.02.2003	SÁ00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kþ. Lux	(13.045.954)		Lr. L0619 - dags 30.06.00 - þóknun v/hlutabréfakaupa
28.02.2003	SÁ00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kþ. Lux	(68.899)		Lr. Fskj. 5116 - dags. 07.10.93 - Kaupþing v/Frostflim
					(88.815.561)	(149.748.894)
31.12.2003	SÁ01844	55505	Hagnaður af sölu hlutabréf. Arcadia Plc.	(164.610.536)	376.650.596	Lagt inn í A Holding árið 2001 á genginu 1,35
					(226.901.702)	
			(Offtalinn)/vantalinn hagnaður fyrir skatta:	(3.418.000)	(253.426.097)	
			Hagnaður Baugs, móðurfélags, fyrir skatta:	927.296.000	735.717.000	545.361.000

Ath. BB02-00070 rangt gengi í færslu nr. 46. árið 2000- Mism. 27.021.488. - leiðrétt af RLS í ofangreindri samantekt.

✓  
mott.  
Herrin Jónss  
RLS

123.1

06723